



# Ársrit Innviðaráðuneytisins 2021



Stjórnarráð Íslands  
Innviðaráðuneytið



Stjórnarráð Íslands  
Innviðaráðuneytið

Innviðaráðuneytið  
Sölvhólsögötu 7 – 101 Reykjavík  
[www.stjornarradid.is](http://www.stjornarradid.is) / [irn@irn.is](mailto:irn@irn.is)

Júní 2022 | ISBN: 978-9935-494-37-5

Ábyrgðarmaður: Sigurður Ingi Jóhannsson  
Umbrot: Aron Freyr Heimisson & Einar Guðmundsson  
Teikningar: Natallía Bucior

© 2022 – Innviðaráðuneytið

# Efnisyfirlit

<b>Ávarp ráðherra</b>	<b>4</b>	<b>Ársskýrsla innviðaráðherra 2021</b>	<b>30</b>
<b>Ráðuneytið</b>	<b>6</b>	<b>1. Stjórnarmálefni ráðuneytisins</b>	<b>31</b>
<b>Stefnumál innviðaráðherra</b>	<b>7</b>	<b>2. Útgjöld málefna sviða og málaflokka</b>	<b>32</b>
<b>Ráðuneytið á tímum faraldurs</b>	<b>15</b>	<b>3. Árangur og ávinningur af ráðstöfun fjármuna</b>	<b>35</b>
<b>Stofnanir</b>	<b>18</b>	06.10 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál	36
<b>Starfsemi</b>	<b>21</b>	08.10 Framlög til sveitarfélaga	38
Vegvísir	22	08.20 Byggðamál	41
Stefnumótun	23	11.10 Samgöngur	48
Mannauður	24	11.30 Stjórnsýsla samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis	57
Fjármál og rekstur	25	31.10 Húsnæðismál	59
Samráð	26	31.20 Skipulagsmál	62
Þingmál og nefndir	27	<b>4. Framvinda í kynja- og jafnréttismálum</b>	<b>64</b>
Stjórnsýsluúrskurðir	28	<b>5. Yfirlit um ráðstöfun varasjóða, og skuldbindandi styrk- og samstarfssamninga</b>	<b>66</b>
Samskipti	29	<b>Frávikagreining og yfirlit yfir árslokastöðu ríkisaðila</b>	<b>68</b>

**Sigurður Ingi Jóhannsson**

Innviðaráðherra

## Leiðir til aukinna lífsgæða

Nýtt innviðaráðuneyti markar tímamót í sögu íslenskrar stjórnsýslu. Nú eru í fyrsta sinn undir einu ráðuneyti þeir þættir sem snúa að samgöngumálum, byggðamálum, sveitarstjórnarmálum, húsnæðismálum og skipulagsmálum. Þetta skipulag gefur fágætt tækifæri til að öðlast betri yfirsýn og þar með að mæta framtíðinni með markvissari aðgerðum en áður hefur verið unnt.

Stærsta verkefni næstu ára verður að ná jafnvægi á húsnæðismarkaði. Slagkraftur þeirrar samanlögðu þekkingar sem nú býr í nýju ráðuneyti og undirstofnana þess mun reynast dýrmæt í því verkefni. Húsnæði er stór þáttur í daglegu öryggi fólks og tengist beint afkomu og lífsgæðum. Skortur á húsnæði hefur þau leiðu áhrif að hækka verð og vísitölu með fjárfisjábanlegum áhrifum á verðbólgu og vexti og hefur þar af leiðandi bein áhrif á ráðstöfunartekjur fólksins í landinu. Ábyrgð stjórnvalda er því mikil. Unnið er að húsnæðisstefnu sem verður sú fyrsta sem gerð hefur verið á þessu mikilvæga sviði. Mun hún líta dagsins ljós á haustdögum 2022.

Skipulagsmálin eru nýr þáttur í starfi ráðuneytisins og verður gætt sérstaklega að því að þau fái vaxið og dafnað enda eru þau í raun grunnurinn að öðrum verkefnum ráðuneytisins þegar kemur að samgöngum og húsnæðisuppbyggingu. Ný landsskipulagsstefna mun líta dagsins ljós á næstu misserum. Er þar um gríðarmikilvæga vinnu að ræða.

Síðustu ár hefur verið lögð gríðarleg áhersla á samgöngumál og sér þess merki um allt land að framkvæmdir eru í fullum gangi. Ég hef frá því ég settist í stól ráðherra samgangna haft öryggi í fyrsta sæti þegar kemur að samgöngum. Öruggar og greiðar samgöngur eru hluti af lífsgæðum fólks um landið allt. Samgöngur eru lífæð landsins, bæði þegar kemur að starfsemi fyrirtækja og daglegu lífi fjölskyldna. Framundan eru stór verkefni og það stærsta er Sundabraut sem er loksins, eftir áratuga baráttu, komin á skrið. Sú framkvæmd mun greiða fyrir umferð til á frá borginni og minnka álagið á leiðir innan borgarmarkanna og hafa jákvæð áhrif þegar kemur að loftslagsmálum.

Orkuskipti í samgöngum eru eitt af höfuðverkefnum næstu ára. Landsmenn hafa tekið hratt við sér í rafvæðingu fjölskyldubílaflotans og mikilvægt er að fylgja þeirri þróun fast eftir. Rafvæðing ferja hófs með stæl á síðasta kjörtímabili með nýjum Herjólfri og munu aðrar ferjur fylgja í kjölfarið á næstu árum. Með því að skipta úr jarðefnaeldsneyti í innlenda orkugjafa skapast mikil tækifæri til að byggja upp framleiðslu á rafeldsneyti sem mun knýja stærri farartæki, skip og flugvélar.

Málefni sveitarfélaganna verða áfram í brennideplinum hjá ráðuneytinu. Mikið starf var unnið á síðasta kjörtímabili með fyrstu stefnu og áætlun í málefnum sveitarfélaganna. Því verður fylgt eftir af krafti að styðja við þetta mikilvæga stjórnsýslustig sem snýr að nærþjónustu íbúa.

Byggðamálin eru rauður þráður í allri starfsemi ráðuneytisins og hafa þau eflst mikið á síðustu árum. Byggðaáætlun er unnin í miklu samráði við landshlutana og hefur samstarf við önnur ráðuneyti aukist ár frá ári. Sú mikla áhersla sem lögð var á störf óháð staðsetningu á síðasta kjörtímabili fékk veglegan sess í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar þar sem mælt er fyrir um að öll störf ríkisins séu óstaðbundin nema annað sé sérstaklega skilgreint.

Öll þau verkefni sem heyra undir innviðaráðuneytið eiga það sameiginlegt að leggja grunninn að búsetufrelsi. Í því felst að þjónusta hins opinbera þarf að vera aðgengileg öllum, hvar sem þeir búa á landinu. Hamingja fólks er ekki síst fólgin í því að það geti búið sér heimili þar sem það helst kys. Búsetufrelsi ýtir undir fjölbreytileika byggðanna.

Lífsgæði á Íslandi eru mikil en þau eru ekki sjálfsögð. Auðlindir okkar eru ekki sjálfsögð uppspretta velsældar. Ekki er sjálfsagt að við höfum náð að hagnýta hið úfna haf á þann hátt sem við höfum gert. Ekki er sjálfsagt að eldurinn í iðrum landsins sé nýtt í að búa til orku og hita upp híbýli okkar. Ekki er sjálfsagt að hrikaleg fallvötn séu uppspretta og undirstaða öflugs atvinnulífs. Ekki er sjálfsagt að milljónir ferðamanna sæki heim þessa veðurbörnu eldfjallaeyju í miðju Atlantshafi. Ekkert er sjálfsagt ef hugarfarið er ekki rétt og metnaðurinn til að læra á aðstæður og hagnýta þær er ekki fyrir hendi. Ef við hefðum alltaf horft á vandamálin sem fylgja landinu okkar en ekki séð tækifærin í sérstöðu þess og dyntum þá værum við illa sett. Með jákvæðni, þor og vinnusemi mætum við framtíðinni og verkefnum hennar.



# Ráðuneytið

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið var starfandi allt árið 2021. Þegar ný ríkisstjórn var skipuð 28. nóvember 2021 voru kynntar breytingar á skipan Stjórnarráðsins og skiptingu málefna. Þá var tilkynnt að nýtt innviðaráðuneyti tæki við verkefnum samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið í meginatriðum eftir að húsnæðis- og mannvirkjamál og skipulagsmál færðust yfir í nýtt ráðuneyti en málefni fjarskipta úr ráðuneytinu. Nýtt innviðaráðuneyti tók formlega til starfa 1. febrúar 2022.

Verkefni innviðaráðuneytisins ná til fjölmargra sviða þjóðfélagsins og varða meðal annars samgöngur, sveitarstjórnar- og byggðamál, grunnskrár, húsnæðis- og mannvirkjamál og skipulagsmál. Nýtt og öflugt innviðaráðuneyti tekst á við nýja tíma. Hlutverk þess er að líta eftir, upplýsa og leiða samfélagið til aukinna lífsgæða.


Innviðaráðherra fer með yfirstjórn ráðuneytisins. Ráðuneytisstjóri stýrir ráðuneytinu undir yfirstjórn ráðherra. Verkefni ráðuneytisins eru skilgreind í [forsetaúrskurði um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands](#) (31. janúar 2022). Sigurður Ingi Jóhannsson var samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra á árinu en ráðherraheiti hans varð innviðaráðherra frá 28. nóvember sama ár.

Skrifstofur hins nýja innviðaráðuneytis eru fjórar frá 1. febrúar 2022; skrifstofa húsnæðis- og skipulagsmála, skrifstofa samgangna, skrifstofa sveitarfélaga og byggðamála og skrifstofa stefnumótunar og fjárlaga.

Eftir breytingar á skipan Stjórnarráðsins heyrja sjö stofnanir og tvö opinber hlutafélög undir fagsvið innviðaráðuneytisins. Fjarskiptastofa heyrði undir samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið stærstan hluta ársins 2021. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og Skipulagsstofnun færðust undir innviðaráðuneytið eftir breytingar á skipan Stjórnarráðsins. Hlutaþríf í opinberu hlutafélögum eru á hinn bóginn í höndum fjármála- og efnahagsráðuneytis og skipar fjármála- og efnahagsráðherra stjórnir þeirra.

Innviðaráðuneytið er í nánú samstarfi við ýmsar alþjóðlegar stofnanir. Þar má nefna Norrænu ráðherranefndina, Evrópuráðið, stofnanir sem tengjast EES-samstarfinu, alþjóðlegar samgöngustofnanir, OECD og fleiri.

# Skipurit



---

## Stefnumál innviðaráðherra

Ráðuneytið vinnur að fjölmörgum mikilvægum verkefnum hverju sinni. Ráðherra hefur sett fjölmörg mál í forgang sem unnið er að á kjörtímabilinu í takt við stjórnarsáttmála og stefnur og áætlanir ráðuneytisins í málaflokkum þess.

---

## Samgöngur



- Ráðist verður í skilgreindar þjóðhagslega arðsamar flýtiframkvæmdir í samgöngum á grundvelli fjölbreyttari fjármögnunar og samstarfs við einkaaðila.
- Undirbúningi Sundabrautar verður framhaldið með það að markmiði að hún opni fyrir umferð eigi síðar en árið 2031.
- Markvisst verður unnið að lagningu bundins slitlags á tengivegi til að styðja við atvinnu- og byggðapróun og auðvelda skólaakstur á svæðum sem nú búa við malarvegi.
- Mótuð verður áætlun um uppbyggingu og fjármögnun jarðganga og horft til reynslu nágrannaþjóða. Stofnað verður opinbert félag um jarðgangagerð.
- Áfram verður stutt við orkuskipti í samgöngum um allt land, þ.m.t. í þungaflutningum, ferjum og höfnum, og net hleðslustöðva þétt til stuðnings orkuskiptum í dreifðum byggðum og ferðaþjónustu.
- Stuðlað verður að almenningssamgöngum með endurnýjanlegum orkugjöfum milli höfuðborgarsvæðisins og Keflavíkurflugvallar í samvinnu við sveitarfélögin.
- Stigin verða skref til að hefja sjálfbæra lífólíuframleiðslu til að flýta orkuskiptum í fiskiskipum og unnið að því að greiða götu verkefna á því sviði. Stutt verður við möguleg þróunarverkefni í orkuskiptum í innanlandsflugi.
- Unnið verður að áframhaldandi uppbyggingu og fjármögnun hágæðaalmenningsamgangna og annarra samgöngumannvirkja á grundvelli samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins.
- Unnið verður að því í samstarfi ríkis og sveitarfélaga að efla almenningssamgöngur á landsbyggðinni.
- Loftbrú verður áfram mikilvægur þáttur almenningssamgangna.
- Tryggður verður samrekstur millilandaflugvalla um land allt í einu kerfi.



## Sveitarstjórnir og byggðamál



- Stuðlað að uppbyggingu öflugra og sjálfbærra sveitarfélaga þar sem samfélagslegir og fjárhagslegir hvatar eru til sameiningar.
- Aðgerðaáætlun um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, m.a. með það að markmiði að fækka „gráum svæðum“ í samstarfi ríkis og sveitarfélaga til að tryggja skilvirkari og betri þjónustu.
- Lagaleg staða landshlutasamtaka sveitarfélaga verður skýrð.
- Öll sveitarfélög í landinu taki virkan þátt í stafrænni þróun.
- Uppfærsla á áætlun um málefni sveitarfélaga.
- Efling sóknaráætlana landshlutanna.
- Stutt verður við starfsaðstöðu og klasasamstarf hins opinbera og einkaaðila á landsbyggðinni með fjölgun vinnurýma og starfa óháð búsetu.
- Mótuð verður stefna þar sem svæðisbundið hlutverk Akureyrar sem stærsta þéttbýliskjarnans á landsbyggðinni er skilgreint og stuðlar að uppbyggingu sem geti boðið upp á fjölbreytileika í þjónustu, menningu og atvinnutækifærum.
- Hagrænir hvatar í byggðaðróun mótaðir.
- Áhersla lögð á að hraða uppbyggingu Landeignaskrár, í samvinnu við sveitarfélög og landeigendur, til að eignarhald á landi verði gagnsætt.
- Áfram verður unnið að endurskoðun á verkefnum Þjóðskrár og samlegð þeirra við verkefni annarra stofnana.

# Húsnæðis- og skipulagsmál



- Aukin uppbygging nýrra íbúða af félagslegum toga, þ.e. almennar íbúðir, hlutdeildarlánaíbúðir og horft til þess að útvíkka almenna íbúðakerfið þannig að þar rúmist einnig félagslegar eignaíbúðir.
- Aukið framboð á almennum íbúðum sérstaklega ætlaðar fötluðu fólki og eldra fólki.
- Aukinn stuðningur við aldraða í samstarfi við sveitarfélögin og samtök aldraða.
- Aukið réttaröryggi leigjenda á markaði og skráning leigusamninga í opinberan gagnagrunn.
- Aukin yfirsýn og rauntímaupplýsingar auðvelda stefnumótun og aðgerðir til að ná jafnvægi á húsnæðismarkaði.
- Minni losun gróðurhúsalofttegunda í mannvirkjagerð og stuðlað að vistvænni byggingum.
- Regluverk byggingariðnaðar verður einfaldara, skilvirkara og aðgengilegra.
- Einföldun og hröðun á málsmeðferð innviðaframkvæmda.
- Staðfest skipulag haf- og strandsvæða.

## Fylgst með framvindu verkefna á vefnum

Hægt er að fylgjast með framvindu allra verkefna í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar á vef Stjórnarráðsins. Þar verða upplýsingar um verkefnið uppfærðar með reglubundnum hætti. Hægt er að kalla fram verkefni eftir ráðuneyti, kafla í stjórnarsáttmála og stöðu verkefnis.

## Umbætur og nýsköpun

- Einföldun regluverks.
- Stafvæðing þjónustu.
- Uppfærsla á áætlun um málefni sveitarfélaga og samþætting áætlana í samgöngu-, húsnæðis- og skipulagsmálum.

# Fréttannaáall 2021 (janúar–mars)

**15. janúar**

Framlög til að tryggja lágmarksflug til og frá landinu vegna Covid-19 námu 350 milljónum króna árið 2020. [Nánar >](#)

**19. janúar**

Tólf milljónum úthlutað til verzlunar í strjálbýli. [Nánar >](#)

**19. janúar**

Viljayfirlýsing undirrituð um kaup á björgunarskipum. [Nánar >](#)



**25. janúar**

Farsímasamband bætt á vegum í Árneshreppi. [Nánar >](#)

**6. febrúar**

Ökunám verði stafrænt frá upphafi til enda. [Nánar >](#)

**5. febrúar**

Mælt fyrir frumvarpi til að auka svigrúm sveitarfélaga vegna áhrifa heimsfaraldurs. [Nánar >](#)

**3. febrúar**

Sundabrétt hagkvæmari en jarðgöng og bætir samgöngur fyrir alla ferðamáta. [Nánar >](#)



**26. janúar**

200 milljóna viðbótarframlag Jöfnunarsjóðs vegna þjónustu við fatlað fólk árið 2020. [Nánar >](#)

**11. febrúar**

Mikilvægt að standa vörð um norrænt samstarf á tímum faraldurs. [Nánar >](#)

**18. febrúar**

Mælt fyrir frumvarpi um brottfall laga til að einfalda regluverk. [Nánar >](#)

**19. febrúar**

Vel gengið að fylgja eftir úrbótum á innviðum eftir fjarviðrið í desember 2019. [Nánar >](#)

**19. febrúar**

Björgunarsveitir fá nýjar færanlegar rafstöðvar til að efla fjarSKIPTAÖRYGGI. [Nánar >](#)



**19. mars**

Samevrópska ráðherraýfirlýsing um gagnaflutninga undirrituð. [Nánar >](#)

**16. mars**

Mælt fyrir nýjum heildarlögum um loftferðir. [Nánar >](#)

**12. mars**

Samið við Norðmenn um samvinnu á sviði netöryggismála. [Nánar >](#)

**11. mars**

Samkomulag undirritað um 215 milljóna stuðning við atvinnulíf á Seyðisfirði. [Nánar >](#)



**21. mars**

Netöryggiskeppni Íslands haldin í annað sinn. [Nánar >](#)



**23. mars**

Fjallað um öryggi smáfarartækja á morgunverðarfundi ráðuneytisins. [Nánar >](#)

**26. mars**

FjarSKIPTAÖRYGGI Íslands stórukið með fjármögnun nýs sæstrengs. [Nánar >](#)

**31. mars**

Breytingar á ýmsum lögum um málefni sveitarfélaga í tilefni af Covid-19. [Nánar >](#)

# Fréttannaáall 2021 (apríl–júní)

9. apríl

Frumvarp um alþjóðlega skipaskrá í samráðsgátt.

[Nánar >](#)

14. apríl

Umferðarupplýsingar beint í snjalltæki vegfarenda úr kerfum Vegagerðarinnar.

[Nánar >](#)

15. apríl

Mælt fyrir frumvarpi um uppbyggingu og rekstur flugvalla og þjónustu við flugumferð.

[Nánar >](#)

20. apríl

Mælt fyrir frumvarpi um ný heildarlög um áhafnir skipa.

[Nánar >](#)

29. apríl

Samstarfsráðherrar Norðurlanda samþykktu að vinna úttekt á áhrifum heimsfaraldursins.

[Nánar >](#)

12. maí

Lokaúthlutun Íslands ljóstengt. Verkefnið hefur bylt forsendum búsetu og atvinnu í sveitum landsins. [Nánar >](#)



8. maí

Sáttmáli milli hestafólks og annarra vegfarenda um umferðaröryggi undirritaður.

[Nánar >](#)



7. maí

Stórátaki um úrbætur í aðgengismálum fyrir fatlað fólk ýtt úr vör. [Nánar >](#)



20. maí

Fyrstu lög um íslensk landshöfuðlén samþykkt á Alþingi.

[Nánar >](#)

21. maí

Sigurður Ingi á landsþingi Sambands Íslenskra sveitarfélaga: „Lykillinn að umbótum er samvinna.“ [Nánar >](#)

22. maí

Könnun leiðir í ljós að rúmur helmingur sveitarstjórnarfulltrúa hefur orðið fyrir áreiti.

[Nánar >](#)

31. maí

Leiðbeiningar gefnar út vegna ákvörðunar vatnsgjalds.

[Nánar >](#)

15. júní

Fyrsta skóflustunga tekin að 1.100 fermetra viðbyggingu við flugstöðina á Akureyrarflugvelli.

[Nánar >](#)




3. júní

Flugfélögum gert skylt að kanna hvort farþegar hafi tilskilin vottorð fyrir brottför til Íslands.

[Nánar >](#)

1. júní

Vegvísir.is opnaður og markar tímamót í miðlun upplýsinga um samgöngur, fjarskipti og byggðamál. [Nánar >](#)



18. júní

Viðmið um lágmarksíbúafjölda sveitarfélaga lögfest með breytingu á sveitarstjórnarlögum. [Nánar >](#)

21. júní

Lagabreytingar takmarka gestaflutninga við tíu daga og gera greiðslu fargjalda skilvirkari.

[Nánar >](#)

22. júní

Eftirlit með pósthjónustu færtil til Bygðastofnunar og stofnun á sviði fjarskipta endurmótuð.

[Nánar >](#)

23. júní

Ný heildarlög um skip samþykkt á Alþingi sem einfalda lagaumhverfi. [Nánar >](#)

28. júní

Birgir Rafn Þráinsson skipaður skrifstofustjóri stafrænna samskipta. [Nánar >](#)

# Fréttannaáall 2021 (júlí–september)

1. júlí

Ný lög um Fjarskiptastofu tóku gildi. [Nánnar >](#)

1. júlí

Einkunn Íslands fyrir netöryggi hækkar talsvert í úttekt Alþjóðafjarskiptasambandsins. [Nánnar >](#)

1. júlí

Vinnustofa opnuð á Selfossi fyrir störf án staðsetningar. [Nánnar >](#)



2. júlí

Tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun dreift á Alþingi. [Nánnar >](#)

8. júlí

Nýjar vinnureglur um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs. [Nánnar >](#)

6. júlí

Ríki og borg undirrita yfirlýsingu um lagningu Sundabrautar. [Nánnar >](#)



5. júlí

Nýopnuð Oddabrú sameinar samfélag í Rangárþingi. [Nánnar >](#)

2. júlí

4,2 milljarðar til sveitarfélaga til jöfnunar á tekjutapi vegna fasteignaskatts. [Nánnar >](#)

15. júlí

Skýrsla gefin út um stöðu barna og ungmenna í samgöngum. [Nánnar >](#)

9. ágúst

Ný reglugerð samræmir öryggiskröfur fyrir jarðgöng. [Nánnar >](#)

12. ágúst

Samið um áframhaldandi stuðning við Blábankann. [Nánnar >](#)

27. ágúst

Ráðherra opnaði nýtt húsnæði Vegagerðarinnar. [Nánnar >](#)




3. september

Grænbók um fjarskipti og grænbók um samgöngur birtar að loknu samráði. [Nánnar >](#)

2. september

Leiðir styttest með nýopnuðum og endurbættum Reykjavegi. [Nánnar >](#)



2. september

Loftferðasamningur Íslands og Bretlands öðlast gildi. [Nánnar >](#)

30. ágúst

Tekjur sveitarfélaga jukust meira árið 2020 en spár gerðu ráð fyrir. [Nánnar >](#)

6. september

Ráðherra heimsótti ný húsa-kynni Byggðastofnunar. [Nánnar >](#)



6. september

Starfshópur leggur til að Akureyri verði svæðisborg með skilgreinda ábyrgð. [Nánnar >](#)

7. september

Skýrsla gefin út um störf án staðsetningar. [Nánnar >](#)

9. september

Styrkur veittur til að ljúka endurbótum á Sköpunar-miðstöðinni á Stöðvarfirði. [Nánnar >](#)

# Fréttaannáll 2021 (september–desember)

**10. september**

Skýrsla um vinnu- og skóla-sóknarsvæði og almennings-samgöngur. [Nánar >](#)

**10. september**

Fjórar nýjar brýr sunnan Vatnajökuls leysa einbreiðar brýr af hólmi. [Nánar >](#)



**16. september**

Starfshópur telur ræktun orkujurta til framleiðslu á lífolíu hagkvæma á Íslandi. [Nánar >](#)



**6. október**

Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga: Heildarframlög sjóðsins voru 53,4 milljarðar árið 2020. [Nánar >](#)

**5. október**

Sjö verkefni á sviði almennings-samgangna fá úthlutað 36 milljónum. [Nánar >](#)

**4. október**

Ísland gerist aðili að EGNOS, samevrópsku leiðsögukerfi. [Nánar >](#)

**22. september**

Mikil arðsemi af lagningu Sundabrautar samkvæmt félagshagfræðilegri greiningu. [Nánar >](#)

**20. september**

Reglugerð sett um safnskip sem rekin eru í menningarlegum tilgangi. [Nánar >](#)

**11. október**

Útgjaldajöfnunarframlög Jöfnunarsjóðs fyrir árið 2021 hækkuð um einn milljarð. [Nánar >](#)

**30. október**

Norrænir samgönguráðherrar funduðu um loftslagsmál og orkuskipti tengd samgöngum. [Nánar >](#)



**1. nóvember**

Óháð úttekt á notkun bundinna slitlaga. [Nánar >](#)

**5. nóvember**

Ný mannvirkjaskrá opnuð sem markar tímamót í upplýsingagjöf um húsnæðismarkað. [Nánar >](#)

**16. nóvember**

Sjálfvirkt meðalhraðaeftirlit sem eykur umferðaröryggi tekið í notkun. [Nánar >](#)

**15. nóvember**

Sveitarstjórnnum heimilað að nýju að taka ákvarðanir á fjarfundum vegna faraldursins. [Nánar >](#)

**11. nóvember**

Samþykkt að hefja tilrauna-verkefni um aukinn snjómokstur í Árneshreppi í vetur. [Nánar >](#)

**8. nóvember**

Umsókn um fullnaðarskírteini til ökuréttinda orðin stafræn. [Nánar >](#)



**20. nóvember**

Fjöl margar minningarathafnir haldnar um land allt um fórnarlömb umferðarslysa. [Nánar >](#)



**28. nóvember**

Ný ríkisstjórn skipuð. Sigurður Ingi Jóhannsson verður innviðaráðherra. Húsnæðismál og skipulagsmál færast til innviðaráðuneytis. [Nánar >](#)

**1. desember**

Verkefnisstjórn um bætta starfsaðstæður kjörinna fulltrúa ýtt úr vör. [Nánar >](#)

**10. desember**

Ný netöryggisstefna Íslands til fimmtán ára. [Nánar >](#)

---

# Ráðuneytið á tímum faraldurs

Verkefni ráðuneytisins mörkuðust áfram af heimsfaraldri kórónuveiru og nauðsynlegum viðbrögðum vegna faraldursins á árinu 2021.

---



## Ráðuneytið á tímum faraldurs

### Fjárfestingaáttak stjórnvalda

Áfram var unnið í samræmi við fjárfestingaáttak stjórnvalda árið 2021 til að draga úr samdrætti í hagkerfinu vegna heimsfaraldurs kórónuveiru. Áttakinu var hrundið af stað í mars 2020 í upphafi faraldursins. Fyrsta árið var ákvæðið að setja 6,5 milljarða kr. í samgöngumál en árið 2021 nam fjárfestingin 11,8 milljörðum kr. Næstu ár bætast við eftirfarandi fjárframlög í samgöngur; 8,6 milljarðar kr. 2022, 5 milljarðar kr. 2021 og 1,75 milljarðar kr. hvert ár 2024-2026. 300 milljónir kr. voru settar sérstaklega í byggðamál árið 2020 en sú upphæð nam 100 milljónum kr. árið 2021.

Markmið átaksins er að ráðast í arðbærar fjárfestingar og um leið auka eftirspurn eftir vinnuafli og örva landsframleiðslu á tímum samdráttar. Á sviði samgangna var meðal annars um að ræða fjölbreyttar nýframkvæmdir í innviðum þar sem undirbúningur var vel á veg kominn og hægt að ráðast í strax en einnig viðhaldsverkefni. Verkefnin eru um land allt og taka til allra samgöngugreina, þ.e. vega, flugvalla og hafna. Stærstur hluti fjárfestingarinnar er í vegakerfinu, nýframkvæmdir, breikkun einbreiðra brúa og gerð hringtorga auk viðhalds vega.

Í september gaf fjármála- og efnahagsráðuneytið út [skýrslu](#) um mat á áhrifum efnahagsaðgerða. Meginniðurstaðan var að sterk þjóðarútgjöld og einkaneysla bendi til þess að efnahagsaðgerðir stjórnvalda vegna heimsfaraldurs kórónuveiru hafi reynst árangursríkar. Vel hafi tekist til við að aðstoða einstaklinga og rekstraraðila í faraldrinum. Fjárfestingarátakið er ein stærsta aðgerðin sem stjórnvöld hafa gripið til og er umfang átaksins um 45 milljarðar króna. Það spannar sex ára tímabil og undir átakið falla fjölbreyttar og mannaflsfrekar nýframkvæmdir en einnig m.a. fjárfestingar í stafrænum innviðum.

### Sveitarfélög

Í mars 2021 samþykkti Alþingi frumvarp um breytingar á ýmsum lögum um málefni sveitarfélaga í tilefni af faraldrinum. Þar var m.a. endanlega í fest í lög sú heimild ráðherra að geta vikið tímabundið frá tilteknum ákvæðum sveitarstjórnarlaga ef neyðarástand ríkir í sveitarfélaginu. Í upphafi faraldursins samþykkti Alþingi setja inn bráðabirgðaákvæði í sveitarstjórnarlög um þetta efni en það var fellt úr gildi með samþykkt laganna.

Ráðherra veitti síðustu heimild af þessu tagi í nóvember 2021 þegar sveitarstjórnur og nefndum og ráðum á vegum sveitarfélaga var veitt tímabundin heimild til að halda fjarfundi. Sú heimild gildi út janúar 2022.

Þá var með lögunum tryggt að sveitarfélög hafi svigrúm til að ráðast í auknar fjárfestingar og mæta aðsteðjandi vanda í rekstri vegna áhrifa faraldursins á íslenskt efnahagslíf. Einnig var sveitarfélögum auðveldað að koma til móts við rekstraraðila í greiðsluerfðileikum vegna faraldursins, þannig að sveitarfélög geti sýnt aukinn sveigjanleika við innheimtu.

### Samgöngur

Lágmarks flugsamgöngur til og frá landinu voru áfram tryggðar vegna Covid-19 faraldursins árið 2021. Umfang slíkra samninga var talsvert minna en árið 2020 þegar samið var um flug til nokkurra áfangastaða í Evrópu og Bandaríkjunum. Í janúar 2021 var gerður samningur við Ícelandair til að tryggja flug til Bandaríkjanna (Boston) minnst tvisvar í viku út marsmánuð.

Þá var samið við Ícelandair um lágmarksflug til Vestmannaeyja fyrstu mánuði ársins 2021, að undangenginni verðkönnun. Áætlunarflug á



markaðslegum forsendum lagðist af vegna minni eftirspurnar sem rekja mátti til Covid-19 faraldursins. Farnar voru að jafnaði tvær ferðir í viku. Sambærilegur samningur var gerður að nýju um flug til Vestmannaeyja í lok árs 2021 sem gilda átti fram á vor 2022.

### Flugfélögum skylt að kanna vottorð farþega

Flugfélögum, sem fljúga til Íslands, var frá 5. júní 2021 gert skylt með reglugerð að kanna hvort farþegar hafi tilskilin vottorð vegna Covid-19 fyrir brottför til landsins. Gæti farþegi ekki framvísað tilskildu vottorði eða staðfestingu um neikvætt próf vegna Covid-19 bar flugfélaginu skylda til að synja viðkomandi um flutning. Skyldan náði þó ekki til íslenskra ríkisborgara. Reglugerðin var sett með stoð í bráðabirgðaákvæði við loftferðalög sem samþykkt var á Alþingi í maí sama ár, sem heimilaði ráðherra að setja reglugerð um tímabundnar skyldur flugrekenda eða umráðanda loftfars til að tryggja sóttvarnir vegna Covid-19. Bráðabirgðaákvæðið í loftferðalögum gildi til og með 31. desember nk.

### Húsnæðismál

Forsvarsfólk húsfélaga þurfti reglulega að taka mið af samkomutakmörkunum vegna faraldursins. Í apríl 2021 var ítrekað það mat stjórnvalda að húsfundir húsfélaga, samkvæmt lögum um fjöleignarhús, falli undir ákvæði um takmörkun á samkomum vegna farsóttar og tækju þannig mið af takmörkunum hverju sinni. Árið 2020 höfðu stjórnvöld í tvígang (apríl og október) lagt til að aðalfundum húsfélaga yrði frestað vegna sóttvarnaráðstafana og samkomutakmarkana.



---

## Stofnanir

Sjö stofnanir og tvö opinber hlutafélög heyra undir fagsvið innviðaráðuneytisins eftir breytingar á skipan Stjórnarráðsins. Innviðaráðherra skipar forstöðumenn stofnana.

Hlutabréf í opinberu hlutafélagunum eru á hinn bóginn í höndum fjármála- og efnahagsráðuneytis og skipar fjármála- og efnahagsráðherra stjórnir þeirra.

---



BYGGÐASTOFNUN

### Bygðastofnun

Hlutverk Bygðastofnunar er að efla byggð og atvinnulíf með áherslu á að jafna tækifæri allra landsmanna til atvinnu og búsetu. Í samræmi við hlutverk sitt undirbýr, skipuleggur og fjármagnarstofnunin verkefni og veitir lán með það að markmiði að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun í atvinnulífi. Bygðastofnun fylgist með þróun byggðar í landinu, m.a. með gagnasöfnun og rannsóknum. Stofnunin skipuleggur og vinnur að atvinnuráðgjöf í samstarfi við landshlutasamtök og aðra haghafa. Um mitt ár 2021 færðist eftirlit með póstpjónustu til Bygðastofnunar frá Fjarfskiptastofu.

**Í lok árs 2021 voru 24 stöðugildi hjá Bygðastofnun.**



Húsnæðis- og mannvirkjastofnun

### Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (frá 28. nóv. 2021)

Hlutverk Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS) er að vernda líf og heilsu manna, eignir og umhverfi með því að tryggja faglegan undirbúning mannvirkjagerðar og virkt eftirlit með gæðum, öryggi og heilnæmi. Einnig er það hlutverk HMS að auka aðgengi almennings að viðunandi húsnæði á viðráðanlegu verði, hvort sem er til eignar eða leigu. Loks metur HMS framtíðarþörf og áætlað framboð húsnæðis í því skyni að auka stöðugleika á húsnæðismarkaði.

**Í lok árs 2021 störfuðu 115 manns hjá HMS.**



### Rannsóknarnefnd samgönguslysa

Rannsóknarnefnd samgönguslysa starfar sjálfstætt og óháð stjórnvöldum og öðrum rannsóknaraðilum, ákærvaldi og dómstólum. Nefndin starfar eftir lögum um rannsókn samgönguslysa. Í lögunum er fjallað um rannsókn flugslysa, sjóslysa og umferðaslysa (ásamt alvarlegum atvikum) og skiptast rannsóknir í þessa flokka. Frá árinu 2018 hefur nefndin einnig rannsakað köfunarslys.

**Hjá Rannsóknarnefnd samgönguslysa starfa 7 manns í fullu starfi. Sjö aðalmenn og sex til vara eru skipaðir í nefndina af ráðherra til fimm ára í senn. Núverandi nefnd var skipuð árið 2018.**



Samgöngustofa

### Samgöngustofa

Meginhlutverk stofnunarinnar er að stuðla að samgönguöryggi í lofti, láði og legi. Samgöngustofa fer með stjórnslu samgöngumála og annast eftirlit í flugi, siglingum, umferð og öryggiseftirlit með samgöngumannvirkjum og leiðsögu. Frá þeim tíma að Samgöngustofa var stofnuð árið 2013 og tók við verkefnum sem áður heyrðu undir Flugmálastjórn, Umferðarstofu, Siglingastofnun og Vegagerðina, hefur markvisst verið unnið að samþættingu verkefna, hagræðingu og aukinni rafvæðingu í þjónustu.

**Í lok árs 2021 störfuðu 139 manns hjá Samgöngustofu.**





### Skipulagsstofnun (frá 28. nóv. 2021)

Skipulagsstofnun sinnir stefnumótun, stjórnsýslu og leiðbeiningum um skipulag og framkvæmdir með sjálfbæra nýtingu auðlinda og vandaða byggð að leiðarljósi. Skipulagsstofnun starfar á grundvelli skipulagslaga, laga um skipulag haf- og strandsvæða og laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

**Í lok árs 2021 störfuðu 29  
manns hjá Skipulagsstofnun.**



### Vegagerðin

Hlutverk Vegagerðarinnar er að þróa og annast öruggt samgöngu-kerfi, á sjó og landi, á sem hagkvæmasta hátt með þarfir samfélagsins að leiðarljósi. Markmið Vegagerðarinnar er að tryggja samgöngur allt árið með eins litlum tilkostnaði og eins miklum þægindum og hægt er fyrir vegfarendur. Vegagerðin er veghaldari þjóðvega og sér um vegagerð, þjónustu og viðhald vegna. Vegagerðin rekur landsvita-kerfi og hefur umsjón og eftirlit með uppbyggingu hafnarvita og innsiglingarmerkja. Vegagerðin hefur umsjón með hafnabótasjóði sem veitir styrki til framkvæmda í höfnum.

**Í lok árs 2021 voru 329 fastráðnir  
starfsmenn hjá Vegagerðinni.**



### Þjóðskrá Íslands

Hlutverk Þjóðskrár Íslands er að safna, varðveita og miðla gögnum er varða fólk og fasteignir. Framtíðarsýn Þjóðskrár er „Við fyrir þig“ það er að veita fyrsta flokks þjónustu sem sparar viðskiptavinum sporin hvar sem er hvenær sem er. Þjóðskrá heldur utan um grunnskrárnar þjóðskrá og fasteignaskrá, gefur út skilríki og vottorð og metur fasteignir. Réttar og uppfærðar upplýsingar úr grunnskránum eru verðmætaskapandi og nýtast hinu opinbera sem og einkaaðilum. Lögð er áhersla á samnýtingu gagna og upplýsinga-tækni auk þess sem sjálfvirk og notendamiðuð þjónusta er í forgrunni. Tilkynnt hefur verið að verkefni fasteignaskrár verði flutt til Húsnæðis- og mannvirkja-stofnunar og verður unnið að þeim breytingum á árinu 2022.

**Í lok árs 2021 störfuðu 110  
starfsmenn hjá Þjóðskrá.**



### Isavia

Isavia er þjónustufyrirtæki í rekstri flugvalla og flugleiðsögu og opinbert hlutafélag í eigu ríkisins. Isavia annast uppbyggingu og rekstur Keflavíkurflugvallar. Dótturfélag þess Isavia ANS ehf. og Isavia Innanlandsflugvellir ehf. reka annars vegar flugleiðsöguþjónustu á einu stærsta flugstjórnarsvæði heims og hins vegar öflugt net innanlandsflugvalla á Íslandi. Þessu til viðbótar rekur dótturfélagið Fríhöfnin ehf. fjórar verlanir í Flugstöð Leifs Eiríkssonar á Keflavíkurflugvelli. Tilgangur Isavia ehf. er að leiða flugvallarsamfélag sem eykur lífsgæði og velsæld á Íslandi og framtíðarsýnin að tengja heiminn í gegnum Ísland.

**Í lok árs 2021 störfuðu 1153 hjá  
Isavia ehf. og dótturfélögum þess.**



### Íslandspóstur ohf.


Íslandspóstur er opinbert hlutafélag og hlutverk þess er að tengja fólk, fyrirtæki og samfélög með dreifingar-, samskipta- og flutningalausnum um allt land og allan heim. Dreifikerfi Íslandspósts nær til allra heimila og fyrirtækja landsins. Póstbox, pakkaport, pósthús, póstbílur og landpóstar veita viðskiptavinum alhliða póstpjónustu um allt land. Pósturinn starfar á alþjóðavísu með öðrum póstpjónustum og samstarfsfyrirtækjum um vörusendingar til og frá Íslandi og myndar þannig tengingu við erlend dreifikerfi um allan heim.

**Árið 2021 voru að meðaltali 565  
stöðugildi hjá Íslandspósti.**

---

# Starfsemi

---



## Vegvísir

Nýr gagnvirkur upplýsingavefur ráðuneytisins – [vegvisir.is](http://vegvisir.is) – var opnaður vorið 2021. Vefnum er ætlað að vera mælaborð um samgöngur, fjarskipti og byggðamál og leiðarvísir almennings að lykluþplýsingum um þessa málaflokka. Verkefnið er er mikilvægt nýsköpunar- og umbótaverkefni sem greiðir aðgang almennings að upplýsingum og hvetur til samtals um málefni og áætlanir ráðuneytisins. Þrjár áætlanir, samgönguáætlun, byggðaáætlun og fjarskiptaáætlun, eru settar fram á vefnum með mun aðgengilegri hætti en áður. Stefnt er að því að bæta við upplýsingum um önnur málefni og áætlanir innviðaráðuneytisins. Málaflokkur fjarskipta fluttist í annað ráðuneyti en upplýsingar um fjarskiptaáætlun verða áfram í Vegvísi þar til annað er ákveðið.

Á Vegvísi er hægt að skoða markmið, einstök verkefni, raunstöðu þeirra og þá mælikvarða sem notaðir eru til að meta árangurinn. Á einfaldan hátt er hægt að sjá að hverju er verið að vinna í ráðuneytinu og fagstofnunum sem undir það heyrja.

Hægt er að skoða aðgerðir og framkvæmdir á korti eða í lista. Margvíslegar upplýsingar eru settar fram á Vegvísi til að gefa m.a. yfirsýn yfir verkframvindu, staðsetningu, fjármagn, verktímabil og hvenær og af hverju á að framkvæma þær. Þá er hægt að skoða stöðu eftir landshlutum.

[Vegvísir – upplýsingagátt ráðuneytisins.](http://vegvisir.is)

## Stefnumótun

Það er löng og rík hefð fyrir stefnumótun og áætlanagerð í ráðuneytinu. Kjarninn í þeirri vinnu eru áætlanir til fimmtán ára fyrir einstaka málaflokka, s.s. samgönguáætlun, byggðaaætlun og áætlun í málefnum sveitarfélaga. Þær eiga það sameiginlegt að vera unnar eftir samræmdum vinnubrögðum og ráðherraskipuð ráð stýra vinnslu þeirra. Eftir að húsnæðis- og skipulagsmál færðust yfir til innviðaráðuneytisins hófst undirbúningur að gerð stefnu í húsnæðis- og skipulagsmálum í sama anda.

Stefnur og áætlanir ráðuneytisins eru unnar eftir skilgreindu stefnumótunarferli Stjórnarráðsins, svokölluðum sporbaug stefnumótunar. Í upphafi er tilefni stefnumótunar metið og verkefnið kortlagt. Að því búnu hefst stöðumat málaflokka í grænbók og mótun stefnu í hvítbók, í vel skilgreindu ferli í víðtæku samráði. Þegar stefna hefur verið samþykkt er henni hrint í framkvæmt og fylgt vel eftir með mælikvörðum og reglulegu mati.

### Samhæfing

Unnið hefur verið markvisst að samhæfingu áætlana, að þær séu unnar á samræmdan hátt og á svipuðum tíma. Öll stefnumótun og áætlanagerð hefur verið færa yfir í sporbaug stefnumótunar. Málaflókkar ráðuneytisins mynda eina heild þar sem starfsemi í einum málaflokki hefur áhrif á hina. Fátt hefur til að mynda meiri áhrif á þróun byggðar en samgöngur og samgöngubætur hafa áhrif á sameiningu sveitarfélaga.

### Skipulag

Ráðherra skipar samgönguráð, byggðamálaráð og starfshóp um stefnu í sveitarstjórnarmálum. Ráðin leggja fram tillögu að 15 ára stefnu og fimm ára aðgerðaáætlun fyrir hvern málaflokk með forgangsröðun, að fengnum áherslum ráðherra. Endurskoðun fer fram á að minnsta kosti þriggja ára fresti. Með hverju ráði starfar verkefnisstjóri og í stefnumótunarhópi ráðuneytisins vinna þeir enn fremur að samhæfingu stefna og áætlana. Unnið er eftir samræmdu skipulagi og með verkfærum Stjórnarráðsins í stefnumótun. Nýtt ráð verður skipað fyrir málaflokka húsnæðis- og skipulagsmála.



Sporbaugur stefnumótunar

## Mannauður

*Það er stefna ráðuneytisins að hafa ávallt á að skipa hæfu og áhugasömu starfsfólki sem sýnir frumkvæði í störfum, veitir góða þjónustu og bregst við síbreytilegum þörfum samfélagsins.*

Í mannauðsstefnu ráðuneytisins er lögð rík áhersla á starfsánægju og heilbrigði starfsfólks, jafnvægi milli vinnu og einkalífs, jafnrétti, góðan aðbúnað á vinnustað, jákvæð samskipti, faglega og styðjandi stjórnun og tækifæri fyrir starfsfólk til símenntunar og þróunar í starfi. Þá er það ófrávíkjanlegt markmið mannauðsstefnu að einelti, fordómar og kynferðisleg áreitni fyrirfinnist ekki í ráðuneytinu. Í stefnunni eru sett fram ýmis markmið um árangur. Árangurinn er m.a. mældur í reglulegum vinnustaðakönnunum sem framkvæmdar eru í öllu Stjórnarráðinu.

### Unnið á tímum heimsfaraldursins

Starfsfólk sýndi áfram mikla aðlögunarhæfni á tímum heimsfaraldurs og nýtti sér tækni og fjarfundi til að halda starfinu gangandi. Starfsfólk var almennt ánæggt með hvernig gekk að vinna verkefni að heiman.

### Jafnrétti og jafnlaunavottun

Jafnlaunakerfi ráðuneytisins hefur verið vottað. Ráðuneytið hlaut fyrst jafnlaunavottun í febrúar 2019 og viðhaldsvottun reglubundið frá þeim tíma.

### Teymisvinna

Samvinna er í teymum og starfshópum þvert á ráðuneytið um fjölbreytt málefni. Meðal verkefna nefna vinnu við stefnumótun og áætlanagerð og samhæfingu áætlana og loftslagsmál. Þá er framundan á árinu frekari greining á einföldun regluverks og áframhaldandi þróun verklags við eftirlit með stofnunum.

### Starfsfólk ráðuneytisins

Í lok árs 2021 voru samtals 47 einstaklingar í starfi hjá ráðuneytinu. Þar af var 41 í föstu starfi og 6 í tímabundnu starfi, alls 46,3 stöðugildi, auk ráðherra og tveggja aðstoðarmanna. Í fæðingarorlofi voru tveir og í námsleyfi einn. Kynjahlutfall í ráðuneytinu er nokkuð jafnt en hjá ráðuneytinu starfa 22 konur og 19 karlar í föstum stöðugildum. Í tímabundnum störfum voru þrjár konur og þrjár karlar.

41

Starfsfólk

22

Konur

19

Karlar

49 ár

Meðalaldur

7 ár

Meðalstarfsaldur






## Fjármál og rekstur


### 6,6% af fjárlögum

Hlutdeild samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins í fjárlögum 2021 nam ríflega 84 ma.kr. eða 6,6% af heildarútgjöldum ríkisins. Hlutfallið var 7,3 á fyrra ári. Skiptingu milli ráðuneyta má skoða í meðfylgjandi kökuriti.



### Hlutdeild málefna sviða

Mest fjármagn rennur til samgangna og fjarskipta, eða rúm 70%. Framlög til sveitarfélaga og byggðamála koma þar næst með 26,5% hlutdeild.




### 5 græn skref af 5 mögulegum

Ráðuneytið tekur virkan þátt í verkefninu Græn skref í ríkisrekstri. Öll fimm grænu skrefin hafa verið innleidd. Markmið Grænna skrefa er að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi opinberra stofnana og efla umhverfisvitund starfsfólks

### Kolefnisjöfnun starfsemi

Ráðuneytið hefur sett sér skýr markmið um að kolefnisjafna starfsemi sína. Frá árinu 2018 hefur starfsemin verið kolefnisjöfnuð. Á árinu 2021 var kolefnisjafnað sem nemur tvöfaldri losun koltvísýrings vegna starfseminnar í samstarfi við Votlendissjóð.



### Launakostnaður 83%

Rekstrargjaldaheimild aðalskrifstofu ráðuneytisins nam 683,9 m.kr. í fjárlögum ársins 2021. Þar af nam framlag úr ríkissjóði 581,4 m.kr. en 102,5 m.kr. voru í formi rekstartekna. Hlutfall launakostnaðar var 83% af rekstrarkostnaði aðalskrifstofu ráðuneytisins.

### Fjárlög 2021

- Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
- Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
- Vaxtagjöld Ríkissjóðs
- Æðsta stjórn
- Forsætisráðuneytið
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið
- Utanríkisráðuneytið
- Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
- Dómsmálaráðuneytið
- Félagsmálaráðuneytið
- Heilbrigðisráðuneytið
- Fjármála- og efnahagsráðuneytið

### Fjárveiting til málaflokka

- Samgöngu- og fjarskiptamál
- Fjölskyldumál
- Hagsýslugerð og Grunnskrár
- Sveitarfélög og byggðamál

### Skipting útgjalda ráðuneytisins

- Launakostnaður
- Ferðir og fundir
- Rekstrarvörur
- Aðkeypt þjónusta
- Húsnæði
- Rekstrarkostnaður
- Bifreiðar og vélar 0%

**6,6%**  
Af heildarútgjöldum ríkisins






## Samráð

Mikil áhersla er lögð á samráð við almenning, atvinnulíf og sveitarstjórnir við móttun stefnu og í aðdraganda laga- og reglusetningar. Í samráðsgátt stjórnvalda – [samradsgatt.island.is](https://samradsgatt.island.is) – eru kynnt ýmis áform og falast eftir umsögnum og ábendingum um það sem vel er gert og það sem betur má fara. Allir eru hvattir til að láta í sér heyra.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið birti alls 31 mál til umsagnar í samráðsgáttinni árið 2021, þar af 4 drög að lagafrumvörpum og 12 drög að reglugerðum. Málin voru heldur færri en fyrri ár þar sem haustþing var styttra vegna þingkosninga í september.

# 31

mál í samráði 2021



## Þingmál og nefndir

# 10

þingmál  
samþykkt árið 2021

# 17

fyrirspurnir  
á Alþingi árið 2021

# 24

lögbundnar nefndir og ráð árið  
2021 (áður en málaflokkar  
fluttust milli ráðuneyta)

# 21

tímabundin nefnd/starfshópur  
árið 2021 (áður en málaflokkar  
fluttust milli ráðuneyta)

### Þingmál

Árið 2021 lagði samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra fram 20 þingmál fyrir Alþingi. Af þeim voru tíu þingmál samþykkt en önnur mál bíða framlagningar eða að þeim var frestað.

### Fyrirspurnir

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra svaraði 17 fyrirspurnum á Alþingi á árinu. Þær voru færri en fyrri ár þar sem haustþing var talsvert styttra vegna þingkosninga í september. Fyrirspurnirnar voru 40 árið 2020 og 41 árið 2019.

### Nefndir og ráð árið 2021

(áður en málaflokkar færðust til milli ráðuneyta)

Undir málefnavið samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins árið 2021 (fram til 28. nóvember) störfuðu 20 lögbundnar nefndir og ráð, 2 lögbundnar úrskurðarnefndir og 2 lögbundnar stjórnir, samtals 24 lögbundnar nefndir eða ráð. Staða í þeim voru 180 aðalmenn og 83 varamenn. Auk þess starfaði 21 nefnd og starfshópur tímabundið á árinu 2021. Í þessum nefndum 143 aðalmenn og 5 varamenn.

Markmið um jafnt hlutfall karla og kvenna í nefndum var uppfyllt á árinu 2021 en samkvæmt jafnréttislögum skal hlutfall hvors kyns í opinberum nefndum vera sem jafnast og ekki minna en 40%. Hlutfall kynja í lögbundnum nefndum og ráðum sem heyra undir ráðherra var 42% konur og 58% karlar. Í tímabundnum nefndum var hlutfall kvenna 46% og karla 58%.

### Samþykkt frumvörp

#### 16. mars 2021

- [Brottfall ýmissa laga \(úrelt lög felld úr gildi\)](#)

#### 26. mars 2021

- [Breytingar á ýmsum lögum tengdum málefnum sveitarfélaga \(sveitarfélög og kórónuveirufaraldur\)](#)

#### 11. maí 2021

- [Umferðarlög \(umframlosunargjald og einföldun regluverks\)](#)

#### 18. maí 2021

- [Íslensk landshöfuðlén](#)

#### 31. maí 2021

- [Skipalög](#)

#### 12. júní 2021

- [Fjarskiptastofa](#)

#### 13. júní 2021

- [Farþegaflutningar og farmflutningar á landi \(tímabundnir gestaflutningar og fargjaldaálag\)](#)

#### 13. júní 2021

- [Póstþjónusta og Byggðastofnun \(flutningur póstmála\)](#)

#### 13. júní 2021

- [Sveitarstjórnarlög og tekjustofnar sveitarfélaga \(lágmarksíbúaföldi sveitarfélags\)](#)

#### 28. desember 2021

- [Loftferðir \(framlenging gildistíma\)](#)






## Stjórnsýsluúrskurðir

Alls bárust ráðuneytinu 53 stjórnsýslukærur árið 2021 en þær voru 49 árið 2020 og fjölgaði innkomnum kærur því á milli ára um fjórar eða rétt rúm 8%. Kærur voru óvenju margar árið 2019 eða 65 talsins og 2018 komu 42 kærur. Á þessum fjórum árum bárust að meðaltali rétt rúmlega 52 kærur á ári.

Úrskurðað var í 74 málum á árinu sem er talsverð aukning en árið áður var úrskurðað í 41 máli.

Myndin sýnir hvernig þær 53 kærur sem bárust á árinu 2021 skiptast eftir málaflokkum.




Innkomnar kærur árið 2021 og skipting eftir málaflokkum

- Annað
- Byggðamál
- Flug/neytendavernd
- Lögheimili
- Siglingar
- Skráning
- Sveitarstjórnamál
- Umferð
- Vegagerð
- Ökuréttindi

### Málshraði jókst

Markmið ráðuneytisins um málshraða er að 90% kærur mála sé lokið innan sex mánaða. Á síðasta ári var 35% mála lokið á innan við sex mánuðum (44% árið 2020 og 22% árið 2019).

Meðalmálshraði árið 2021 var 8,5 mánuðir. Ráðuneytið leggur sérstaka áherslu á að fækka þeim málum sem taka lengri tíma en 12 mánuði.




Málshraði árið 2021

- Undir 6 mánuðum
- 6–9 mánuðir
- 9–12 mánuðir
- Umfram 12 mánuði

### Staðfest ákvörðun í rúmum helmingi mála

Í þeim 56 málum sem lauk með niðurstöðu árið 2021 var stjórnsýsluákvörðun stofnunar staðfest í 68% tilvika en í 32% tilvika var ákvörðun felld úr gildi eða úrskurðuð ólögsmæt. Átján málum lauk ekki með niðurstöðu en þar á meðal vor mál sem var vísað frá eða voru felld niður.

Myndin sýnir niðurstöður 56 mála sem lauk á árinu.



Niðurstöður úrskurða árið 2021

- Ákvörðun staðfest
- Ákvörðun felld úr gildi

## Samskipti

*Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið hefur frumkvæði að því að veita traustar og áhugaverðar upplýsingar sem ná til landsmanna.*

Upplýsingamiðlun á vegum ráðuneytisins byggir á samskiptastefnu sem tók gildi árið 2019. Markmið stefnunnar eru þrjúþætt: Frumkvæði að því að kynna framtíðarsýn og málaflokka ráðuneytisins; birta gögn að fyrra bragði í takt við stefnu um opna stjórnsýslu og gagnsæi; og veita svör við fyrirspurnum og álitamálum hratt og örugglega.

Árið var viðburðaríkt í málaflokkum ráðuneytisins líkt og fyrri ár. Verkefni mörkuðust einnig nokkuð af heimsfaraldri kórónuveiru og viðbrögðum vegna faraldursins. Fréttir á vef ráðuneytisins voru 180 á árinu, heldur færri en árið 2020 þegar faraldurinn hófst.

Vefur ráðuneytisins er meginsamskiptamiðill ráðuneytisins en auk hans nýtir ráðuneytið ýmsa aðra miðla, s.s. Facebook til að auka upplýsingastreymi til almennings. Fundir á vegum ráðuneytisins var fyrst og fremst streymt á vefnum vegna faraldursins.

### Tíu mest lesnu fréttir og síður

1. Ný úrræði vegna Covid-19 – [30. apríl](#)
2. Annað ráðuneyti Katrínar Jakobsdóttur skipað – [28. nóvember](#)
3. Árétting um sóttvarnareglur við komu til landsins – [3. september](#)
4. Sundabré hugkvæmari en jarðgöng og bætir samgöngur fyrir alla ferðamata – [3. febrúar](#)
5. Reglugerð um skyldu flugrekenda til að kanna vottorð vegna COVID-19 tekur breytingum – [27. júlí](#)
6. Ísland ljóstengt: Þrettán sveitarfélögum stendur til boða 180 milljónir í styrki – [6. febrúar](#)
7. Kynntu aðgerðir til að efla skapandi greinar – [10. ágúst](#)
8. Samstarfsvettvangur um European Digital Innovation Hub á Íslandi – [11. maí](#)
9. Viðmið um lágmarksfjölda sveitarfélustendur til boða samtals 180 milljónir í styrki – [12. mars](#)
10. Ökunám verður stafrænt frá upphafi til enda aga lögfest með breytingu á sveitarstjórnarlögum – [18. júní](#)

# 180

fréttir á vef árið 2021

# 68

færslur birtar á Facebook árið 2021

# 1.491

fylgjandi á Facebook í lok árs 2021



---

# Ársskýrsla innviðaráðherra

## 2021

---

# 1. Stjórnarmálefni ráðuneytisins


Breytingar áttu sér stað í Stjórnarráðinu með forsetaúrskurði 28. nóvember 2021 og verður hér gerð grein fyrir þeim stjórnarmálefnum sem tilheyra nú nýju innviðaráðuneyti og skiptast í 9 málaflokka á 5 málefnasviðum:

- **Málefnasvið 6, Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál.**
- **Málefnasvið 8, Sveitarfélög og byggðamál.**
- **Málefnasvið 11, Samgöngu- og fjarskiptamál.**
- **Málefnasvið 29, Fjölskyldumál.**
- **Málefnasvið 31, Húsnæðis- og skipulagsmál.**

Málefnasvið 29 er á forræði félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins en einn fjárlagaliður, þ.e. meðlög skv. lögum nr. 76/2003, er á forræði innviðaráðherra. Um er að ræða svokallaðan gegnumstreymislið sem innviðaráðuneytið hefur litla aðkomu að og verður því ekki fjallað um það málefnasvið.

## Raunútgjöld málefnasviða (m.kr.)

Rekstrarútgjöld og fjárfestingar alls 103.152 m.kr.



**Mynd 1.** sýnir raunútgjöld<sup>1</sup> málefnasviða sem heyra að hluta til eða í heild undir innviðaráðuneytið.

<sup>1</sup> Þar sem ríkisreikningur liggur ekki fyrir eru einungis bráðabirgðatölur í ársskýrslunni.

## 2. Útgjöld málefnasviða og málaflokka

Í töflu 1 eru málaflokkar þeirra málefnasviða sem innviðaráðherra ber ábyrgð á, ásamt málaflokkum sem innviðaráðuneytið á hlutdeild í. Raunútkoma felur í sér gjöld og tilfærslur í m.kr. að frádrögnum sértekjum og rekstrartekjum.

**Tafla 1.** Rekstur og tilfærslur – málefnasvið og málaflokkar.

	Raunútkoma	Fjárheimild fjárlaga	Frávik frá fjárlögum	Heimild frá fyrra ári	Frávik	Frávik %
<b>06 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál</b>	<b>1.071</b>	<b>1.035</b>	<b>-36</b>	<b>107</b>	<b>71</b>	<b>7%</b>
0610 - Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál	1.071	1.035	-36	107	71	7%
<b>08 Sveitarfélög og byggðamál</b>	<b>23.542</b>	<b>22.488</b>	<b>-1.055</b>	<b>-20</b>	<b>-1.075</b>	<b>-5%</b>
0810 - Framlög til sveitarfélaga	21.373	20.278	-1.095	0	-1.095	-5%
0820 - Byggðamál	2.169	2.209	40	-20	20	1%
<b>11 Samgöngu- og fjarskiptamál</b>	<b>28.164</b>	<b>28.601</b>	<b>437</b>	<b>-392</b>	<b>45</b>	<b>0%</b>
1110 - Samgöngur	26.996	27.502	506	-475	31	0%
1120 - Fjarskipti	308	308	0	0	0	0%
1130 - Stjórnslá samgönguráðuneytis	860	792	-69	83	14	2%
<b>29 Fjölskyldumál</b>	<b>386</b>	<b>324</b>	<b>-62</b>	<b>0</b>	<b>-62</b>	<b>-16%</b>
2940 - Annar stuðningur við fjölskyldur og börn	386	324	-62	0	-62	-16%
<b>31 Húsnæðis- og skipulagsmál</b>	<b>12.689</b>	<b>11.680</b>	<b>-1.009</b>	<b>607</b>	<b>-402</b>	<b>-3%</b>
3110 - Húsnæðisstuðningur	11.971	11.070	-901	578	-323	-3%
3120 - Skipulagsmál	718	610	-108	29	-79	-11%
<b>Samtals málefnasvið / málaflokkar</b>	<b>65.852</b>	<b>64.127</b>	<b>-1.725</b>	<b>302</b>	<b>-1.422</b>	<b>-2%</b>

Fjárhæðir í milljónum króna



Tafla 2. Fjárfesting – málaflokkar.

	Fjárheimild fjárlaga	Heimild frá fyrra ári	Fjárfesting	Staða í árslok
<b>06 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál</b>	<b>89</b>	<b>-38</b>	<b>-44</b>	<b>7</b>
0610 - Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál	89	-38	-44	7
<b>11 Samgöngu- og fjarskiptamál</b>	<b>39.656</b>	<b>5.584</b>	<b>-37.105</b>	<b>8.135</b>
1110 - Samgöngur	39.661	5.577	-37.103	8.135
1130 - Stjórnarsýsla samgönguráðuneytis	-4	7	-2	1
<b>31 Húsnæðis- og skipulagsmál</b>	<b>277</b>	<b>-111</b>	<b>-151</b>	<b>16</b>
3110 - Húsnæðisstuðningur	274	-128	-144	2
3120 - Skipulagsmál	3	17	-7	13
<b>Samtals málefnavið / málaflokkar</b>	<b>40.022</b>	<b>5.436</b>	<b>-37.300</b>	<b>8.158</b>

Fjárhæðir í milljónum króna



Undir málaflokk 6.1 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál heyrir ein stofnun ráðuneytisins þ.e. Þjóðskrá Íslands. Gjöld málaflokksins voru 36 m.kr., eða 3%, umfram heimildir fjárlaga. Að teknu tilliti til uppsafnaðra heimilda fyrri ára var staðan jákvæð um 71 m.kr. í árslok. Fjárfesting ársins nam 44 m.kr. og var staða fjárfestingaframlaga jákvæð um 7 m.kr. í lok ársins.

Undir málaflokk 8.1 Framlög til sveitarfélaga fellur Jöfnunarsjóður sveitarfélaga. Framlög til sjóðsins voru tæpum 1,1 ma.kr. umfram heimildir fjárlaga, sem verða leiðrétt til samræmis við uppfærða tekjuáætlun ríkissjóðs. Frávikid er því fyrst og fremst bókhaldslegs eðlis.

Málaflokkur 8.2 Bygðamál var um 40 m.kr. undir fjárheimild en að teknu tilliti til halla fyrri árs er afkoman jákvæð um 20 m.kr.

Rekstrarútgjöld málaflokks 11.1 Samgöngur námu 26.996 m.kr., sem er 506 m.kr., eða 3%, undir fjárheimild. Að teknu tilliti til uppsafnaðs rekstrartaps frá fyrri árum var afkoma málaflokksins jákvæð um 31 m.kr. í árslok 2021.

Fjárfestingar Vegagerðarinnar námu 37,0 mö.kr. samanborið við 42,4 ma.kr. fjárfestingarframlag að meðtöldum höfuðstól vegna fyrri ára. Óráðstöfuð fjárfestingarheimild nam því liðlega 5,3 mö.kr. í árslok 2021, sem leggst við heimild ársins 2022. Fjárhæðin er öll skuldbundin til framkvæmda á vegum, en stofnunin greiðir eftir verkframvindu. Fjármagnstilfærslur til sveitarfélaga vegna starfsemi Hafnabótasjóðs námu liðlega 1,3 mö.kr. á árinu 2021. Sjóðurinn átti um 635 m.kr. höfuðstól í lok síðasta árs, en sú fjárhæð er að mestu skuldbundin

í samningum við sveitarfélög. Staða fjárfestingaframlaga á fjárlagaliðnum 10-252 flugvellir og flugleiðsögubjónusta var jákvæð um 2,1 ma.kr. í árslok, en þar er fyrst og fremst um að ræða bókhaldslegt frávik vegna verka í vinnslu.

Rekstrarútgjöld málaflokks 11.3 Stjórnsýsla innviðaráðuneytisins námu 860 m.kr. og voru 14 m.kr. yfir fjárheimild ársins. Frávikid skýrist fyrst og fremst af lotun tekna um áramót.

Útgjöld málaflokks 29.4 námu liðlega 386 m.kr. og voru 62 m.kr. yfir fjárheimild. Hallann má rekja til fjárlagaviðfangsins 10-190-118 Meðlög samkvæmt lögum nr. 76/2003, en neikvæð staða á liðnum er felld niður við yfirflutning á árslokastöðu milli ára þar sem um lögbundin útgjöld er að ræða.

Útgjöld málaflokks 31.1 Húsnæðis- og skipulagsmál námu tæpum 12 milljörðum króna sem er 901 m.kr. hærri fjárhæð en fjárlög ársins. Af þeirri fjárhæð skýrast 593 m.kr. af ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins um að núvirða veitt hlutdeildarlán í Húsnæðissjóði og færa gjöldin á sérstakan fjárlagalið. Húsnæðisbætur skv. lögum nr. 75/2016 námu tæpum 7,2 mö.kr. sem er um 316 m.kr. eða 4,4% yfir áætlun. Þessi staða er að jafnaði felld niður við yfirflutning á árslokastöðu milli ára þar sem hallinn á rætur að rekja til hagrænna þátta.

Útgjöld málaflokks 31.2 Skipulagsmál námu 718 m.kr. sem er um 108 m.kr. eða 15,1% yfir heimild fjárlaga. Hallinn skýrist af uppfærðri tekjuáætlun Skipulagssjóðs vegna innheimtu skipulagsgjalds ásamt þátttöku ríkisins í kostnaði vegna skipulagsmála hjá ýmsum minni sveitarfélögum landsins.

### 3. Árangur og ávinningur af ráðstöfun fjármuna

Umfjöllunin hér á eftir er kaflaskipt eftir málaflokkum á þeim málefnaviðum sem eru á forræði innviðaráðherra. Stöðumat er birt og þau verkefni tíunduð sem fram komu í fjárlögum 2021. Fyrirvari er settur við uppgjör á verkefnum sem ekki voru framkvæmd af ráðuneytinu 2021 heldur af þáverandi umsjónarráðuneyti, sbr. breytingar á stjórnarmálefnum ráðuneyta í kringum áramótin 2021/2022. Uppgjör á aðgerðum og mælikvörðum í þeim málaflokkum eru gerð eftir bestu upplýsingum á uppgjörstímanum.

Árangursmælingar markmiða sýna viðmið fyrir 2021 og raunniðurstöðu í árslok 2021. Einnig er sýnd raunniðurstaða frá 2020 til samanburðar. Í töflunum hér á eftir eru notaðir litir fyrir aðgerðirnar til að sýna stöðu og framgang þeirra. Hafa skal í huga að um getur verið að ræða framgang *aðgerðahluta* ef verkefnið nær yfir meira en eitt ár.

Af þeim 47 aðgerðum sem skilgreindar voru í fjárlagafrumvarpi 2021, er varða málaflokka ráðuneytisins, var 35 þeirra lokið eða þær komnar vel á veg í lok árs. Níu aðgerðir voru hafnar og eru í vinnslu.

#### Um þróun markmiða og mælikvarða

Breytingar geta hafa orðið á markmiðum og mælikvörðum á síðustu árum, bæði vegna þess að þeir eru í þróun og áherslur geta breyst milli ríkisstjórna. Gerð hefur verið eftir atvikum grein fyrir breytingum og ástæðum þeirra í viðkomandi fjármálaáætlun. Í skýrslunni eru notaðir nýjustu mælikvarðar málaflokkanna hverju sinni.

#### Vegvísir að lykilupplýsingum<sup>2</sup>

Ný gagnvirk upplýsingagátt um áætlanir og árangur ráðuneytisins var opnuð vorið 2021. Upplýsingagáttin, sem ber heitið Vegvísir, er leiðarvísir almennings að lykilupplýsingum varðandi samgöngur, fjarskipti og byggðamál.

Málaflokkar	Staða og fjöldi aðgerða og aðgerðahluta	Samt.
6.1 Hagskýrslugerð, grunnskrár og uppl.	● 5	5
8.1 Framlög til sveitarfélaga	● 1 ● 2 ● 1	4
8.2 Byggðamál	● 8	8
11.1 Samgöngur	● 1 ● 4 ● 4 ● 8	17
11.3 Stjórnýsla samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis	● 2	1
31.1 Húsnæðismál	● 2 ● 2 ● 4	8
31.2 Skipulagsmál	● 1 ● 2	3
<b>Samtals aðgerðir</b>	● 3 ● 1 ● 8 ● 5 ● 30	<b>47</b>

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

<sup>2</sup> Sjá: [www.vegvisir.is](http://www.vegvisir.is).



## 06.10 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál

Tvö markmið eru skilgreind fyrir málaflokkinn í fjármálaáætlun 2021-2025. Mælikvarðar voru á ábyrgð fjármála- og efnahagsráðuneytis og forsætisráðuneytis.

1. Aukið framboð öruggar, stafrænnar þjónustu.
2. Bæta gæði, framboð og aðgengi að opinberum gögnum og auka möguleika fólks til lýðræðislegrar þátttöku.

## Árangur markmiða fyrir málaflokk 06.10

### Aðgerðir sem styðja við markmiðin

### Framkvæmt 2021

Landeignaskrá komið á fót í samræmi við lög um eignarráð og nýtingu fasteigna. Verkefnið verður unnið á árabílinu 2021-2023 og felst fyrst og fremst í kerfisgerð, átaksverkefni í landeignaskráningu og rekstri kerfisins.

- Vefsíða landeigna er vel á veg komin, en um er að ræða sjálfstæða lausn í landeignaskrárverkefninu. Lokið var við að setja upp gagnagrunn og vefþjónustulag. Þá eru kröfur/ferlagreiningar tilbúnar. Annað er komið vel á veg.

Áframhald á þróun þjóðskrárkerfisins og er áætlað að verkefninu ljúki 2023. Um er að ræða uppfærslu gagnagrunna, innfærsla nýrra skráningarupplýsinga og stýrða miðlun þjóðskrárupplýsinga m.t.t. persónuverndar, öryggi gagna o.fl.

- Verkefni sem snýst um að miðla lögheimilum niður á íbúðir einstaklinga og hefur verið í vinnslu undanfarin ár er nú lokið. Einnig hefur verið lokið við að miðla skiptri búsetu og forsjá barna. Þá hefur verið gengið frá kröfu/ferlagreiningu fyrir áframhald á þróun þjóðskrárkerfisins og er forritunarvinna hafin. Með nýju kerfi verður þjónustan skilvirkari og lagalegar breytingar auðveldari í meðförum.

Greining og undirbúningur að miðlun þjóðskrárupplýsinga með vefþjónustu og vefuppfletti.

- Settar voru upp kröfur/ferlagreiningar og gagnastrúktúr hannaður. Hafin var vinna við vefþjónustugerð í tengslum við island.is í þeim tilgangi að bæta opinbera þjónustu.

Úrvinnsla og framkvæmd nýrrar aðferðarfræði í fasteignamati í þeim eignaflokkum sem ekki hafa sætt endurskoðun, átaksverkefni í skráningu eignamarka jarða.

- Unnið hefur verið að gerð atvinnumats sem er liður í átaksverkefni um skráningu landeigna. Vinna með þjóðskjalasafni er hálfnuð og er áætlað að vinnu ljúki um næstu áramót. Þá hefst næsti liður verkefnisins sem felst í því að setja inn gögn um áætluð eignamörk allra jarða á Íslandi svo hægt verði að birta áætlaða stærð og taka mið af fasteignamati.

Söfnun landupplýsinga jarða og lóða í dreifbýli.<sup>3</sup>

- Samtals voru afmarkaðar 6.700 lóðir vítt og breitt um landið. Tímabundið verkefni til tveggja ára sem unnið var af starfsmönnum í Hrísey og Grímsey.

### Dæmi um annað sem styður við markmið málaflokksins:

- Þjóðskrá Íslands birtir nú gjaldfrjálst bæði [Kaupverðsjá](#) og [Leiguverðsjá](#) fasteigna.
- Einstaklingar geta nálgast skráðar upplýsingar um sig, börn sín og fasteignir á Mínun síðum á [Ísland.is](#).
- Aukin stafræn málsmeðferð hefur fækkað bréfasendingum og að sama skapi hefur stökum bréfum og tilkynningum frá þjóðskrá fjölgað í pósthólfíð á [Ísland.is](#).

<sup>3</sup> Samhæfing áætlana, verkefnið er einnig hluti af byggðaáætlun.



## 08.10 Framlög til sveitarfélaga

Fyrsta heildarstefna ríkisins um málefni sveitarfélaga var samþykkt á Alþingi í janúar 2020<sup>4</sup>. Stefnan var sett fram eftir mikinn undirbúning, samráð og samvinnu við sveitarfélög og aðra hagsmunaaðila. Í aðgerðaáætlun stefnunnar eru settar fram ellefu aðgerðir sem eiga það allar sameiginlegt að styrkja umgjörð og grundvöll sveitarstjórnarstigsins. Um leið og áætlunin tók gildi var hafist handa við innleiðingu. Þar sem um nýja mælikvarða er að ræða er ekki hægt að bera saman þróun þeirra á milli ára í þetta sinn. Markmið stefnunnar eru:

1. Sveitarfélög á Íslandi verði öflug og sjálfbær vettvangur lýðræðislegrar starfsemi.
2. Sjálfstjórn og ábyrgð sveitarfélaga verði virt og tryggð verði sem jöfnust réttindi og aðgengi íbúa að þjónustu.

<sup>4</sup> Sjá: <https://www.althingi.is/alttext/150/s/0890.html>

## Árangur markmiða fyrir málaflokk 08.10

Mælikvarðar	Raun 2020	Viðmið 2021	Árangur 2021
Að ekkert sveitarfélag hafi færri en 1.000 íbúa frá almennum sveitarstjórnarkosningum 2026.	52% 36/69 Færri en 1.000 íbúar	52% <sup>5</sup> 36/69 Færri en 1.000 íbúar	52% 36/69 Færri en 1.000 íbúar
Lýðræðisleg þátttaka íbúa mæld m.a. út frá kjörsókn milli almennra sveitarstjórnarkosninga.	67,6% kk 66,5% kvk 68,8% (2018)	70% kk 50% kvk 50% (2022)	62,5% <sup>6</sup>

### Aðgerðir sem styðja við markmiðin

### Framkvæmt 2021

Lágmarksíbúaföldi sveitarfélaga.

- Stjórnvöld veittu 935 m.kr. aukaframlag í gegnum Jöfnunarsjóð til að standa straum af kostnaði vegna sameiningar sveitarfélaga á árunum 2020-2022. Á árinu veitti ráðuneytið sveitarfélögum ráðgjöf, jók upplýsingamiðlun og setti upp sérstakt vefsvæði með leiðbeiningum og öðrum gagnlegum upplýsingum um sameiningu. Í því skyni að auðvelda stöðumat fyrir sameiningu sveitarfélaga var settur upp rammi að álitu sveitarstjórna í sveitarfélögum með undir 250 íbúum, í samræmi við breytingu á sveitarstjórnarlögum um íbúafjölda.

Hlutverk landshlutasamtakanna endurskoðuð.

- Unnin var [skýrsla um stöðu og hlutverk landshlutasamtakanna](#) þar sem dregnar eru upp tvær mögulegar sviðsmyndir um framtíð þeirra út frá heildarskipulagi sveitarstjórnarstigsins og farið yfir kosti þeirra og galla. Áfram verður unnið að endurskoðun á hlutverki þeirra á grundvelli tillagna í skýrslunni.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

<sup>5</sup> Sameining sveitarfélaga tekur tíma og er vandmeðfarin. Ekki þótti raunhæft að gera önnur viðmið fyrir árið 2021.

<sup>6</sup> Kyngreindar tölur lágu ekki fyrir við gerð ársskýrslunnar.

## Aðgerðir sem styðja við markmiðin

## Framkvæmt 2021

Unnið verði áfram að greiningu á fjárhagsstöðu sveitarfélaga vegna áhrifa sem Covid-19 faraldurinn hefur haft á þau.

● Unnin var stöðuskýrsla um áhrif Covid-19 faraldursins á fjárhag sveitarfélaga árið 2020. Lagður hefur verið grunnur að því að halda verkinu áfram.

Unnið verði að breytingum á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga með það að markmiði að gera jöfnunarðgerðir til sveitarfélaga markvissari.

● Meginþunginn í vinnu við endurskoðun regluverks Jöfnunarsjóðs var á árinu. Markmiðið var að einfalda regluverk sjóðsins, stuðla að aukinni sanngirni og gagnsæi við úthlutun ásamt því að ýta undir sameiningu sveitarfélaga. Stefnt er að því að hægt verði að hefja innleiðingu nýja regluverksins um áramótin 2022 og 2023.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

## Dæmi um annað sem styður við markmið málaflokksins:


- Vinna hófst við verkefni um að bæta starfsaðstæður sveitarstjórnarfólks en markmiðið er að vinna gegn mikilli endurnýjun í sveitarstjórnnum í ljósi þess að stór hluti kjörinna fulltrúa gefur ekki kost á sér aftur eftir að hafa setið í eitt kjörtímabil. Alls voru sex af hverjum tíu fulltrúum í sveitarstjórnnum nýir við þrennar síðustu sveitarstjórnarkosningar. Greining verkefnisstjórnarinnar hefur þegar leitt í ljós ríka þörf á að draga úr miklu vinnuálagi meðal kjörinna fulltrúa, endurskoða kjör og heildar-starfsaðstæður ásamt því að leita leiða til að draga úr utanaðkomandi áreiti og bæta samskipti innan sveitarstjórna.
- Með 100 m.kr. stuðningi ríkisins náðist eftirtektarverður árangur í stafrænni vegferð sveitarfélaganna á árinu. Eftir að sveitarfélögin höfðu sameinast um stafrænt ráð sveitarfélaganna var ýtt úr vör óformlegu samstarfi þeirra við verkefnisstofu um Stafrænt Ísland innan fjármála- og efnahagsráðuneytisins um veitingu þjónustuferla í gegnum island.is. Í framhaldi af því komust aðilar að samkomulagi um að hefja formlegt samstarf innan nýrrar samráðsnefndar ríkis og sveitarfélaga um stafræna þróun hins opinbera.
- Unnið var að frumvarpi um breytingar á sveitarstjórnarlögum í því skyni að auðvelda rafrænar skoðanakannanir og íbúakosningar. Vonast er til að stuðningur við aukið íbúalýðræði af hálfu ráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga skili sér ekki aðeins í aukinni aðkomu almennings að ákvarðanatöku innan sveitarfélaganna heldur einnig í aukinni þátttöku almennings í sveitarstjórnarkosningum.



## 08.20 Byggðamál

Byggðaáætlun leggur áherslu á að í öllum landshlutum verði öflug sveitarfélög, blómlegar byggðir og sterkir byggðakjarnar þar sem stuðlað verði að bættum lífskjörum landsmanna með sem jöfnustu aðgengi að grunnþjónustu og atvinnutækifærum óháð efnahag og búsetu. Grunnþjónusta verði veitt íbúum sem mest í nærsamfélagi. Sérstök áhersla er lögð á að hlúa að svæðum sem hafa búið við langvarandi fólksfækkun, atvinnuleysi og einhæft atvinnulíf. Lögbundin markmið sem unnið er samkvæmt eru:

1. Jafna aðgengi að þjónustu.
2. Jafna tækifæri til atvinnu.
3. Stuðla að sjálfbærri þróun byggða.



## Árangur markmiða fyrir málaflokk 08.20

### Markmið 1: Jafna aðgengi að þjónustu.

#### Mælikvarði fyrir markmið 1

#### Raun 2020 Breyting milli ára

#### Víðmið 2021

#### Árangur 2021 Breyting milli ára

Hlutfall íbúa sem eru í innan við 30 kílómetra fjarlægð frá heilsugæslustöð, grunnskóla og dagvöruverslun.<sup>7</sup>

Hlutfall íbúa sem eru í innan við 30 km fjarlægð frá heilsugæslu, grunnskóla og dagvöruverslun hækkaði í öllum landshlutum nema á Austurlandi, en þar lækkaði hlutfall íbúa.

Hlutfall þeirra sem eru í innan við 30 km fjarlægð frá heilsugæslustöð lækki ekki milli ára.

Hlutfall íbúa sem eru í innan við 30 km fjarlægð frá *heilsugæslu* lækkaði miðað við árið á undan á Vesturlandi, Norðurlandi vestra, Austurlandi og Suðurlandi. Hlutfall íbúa sem eru innan við 30 km fjarlægð frá *grunnskóla* lækkaði miðað við árið á undan í öllum landshlutum fyrir utan Suðurnes og á höfuðborgarsvæðinu. Hlutfall íbúa sem er innan við 30 km frá *dagvöruverslun* hækkaði miðað við árið á undan á Vestfirðum, Norðurlandi vestra og eystra en lækkaði eða stóð í stað í öðrum landshlutum.

	Heilsu- gæsla	Grunn- skóli	Dag- vöruv.
Höfuðb.svæði	0,0%	0,0%	0,0%
Suðurnes	0,0%	0,0%	0,0%
Vesturland	0,9%	0,0%	0,4%
Vestfirðir	0,3%	0,3%	0,0%
N. vestra	0,1%	0,1%	0,0%
N. eystra	0,1%	0,0%	0,0%
Austurland	1,5%	-0,2%	-0,4%
Suðurland	0,8%	1,3%	0,7%

	Heilsu- gæsla	Grunn- skóli	Dag- vöruv.
Höfuðb.svæði	0,0%	0,0%	0,0%
Suðurnes	0,0%	0,0%	0,0%
Vesturland	-0,5%	-0,4%	-0,4%
Vestfirðir	0,0%	-0,8%	3,4%
N. vestra	-0,8%	-0,9%	4,7%
N. eystra	0,1%	-0,6%	1,1%
Austurland	-0,5%	-1,0%	-0,1%
Suðurland	-0,4%	-0,6%	-0,5%

<sup>7</sup> Breyting innan við 0,05% er innan skekkjumarka.

## Aðgerðir sem styðja við markmið 1

## Framkvæmt 2021

Innleiðing fjarheilbrigðisþjónustu, m.a. með því stuðla að því að krabbameinsgreindir einstaklingar á landsbyggðinni og aðstandendur þeirra njóti sambærilegrar þjónustu og á höfuðborgarsvæðinu.

- Árlega er 20 m.kr. af byggðaaætlun varið til aðgerðarinnar, sem er á ábyrgð heilbrigðisráðuneytis. Árið 2021 fór framlagið til Ljóssins til að bæta aðgengi íbúa landsbyggðar að þjónustunni, til átröskunarteymis LSH til að þróa hugbúnað sem tengist stafrænni matarstuðningsmeðferð og til Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða vegna tækjakaupa sem tengjast fjaraugnlækningum.

Almenningssamgöngur um land allt. Veittir verða styrkir úr samkeppnis-potti þar sem markmiðið er að styðja við þróun almenningssamgangna, sérstaklega út frá byggðalegum sjónarmiðum.<sup>8</sup>

- Auglýst var eftir umsóknum í september 2021. Úthlutað var 36 m.kr. til sjö verkefna á sviði almenningssamgangna fyrir árin 2021-2022. Samtals hefur verið úthlutað 83,3 m.kr. til 18 verkefna víðsvegar um landið. Markmið með framlögnum er að styðja við áframhaldandi þróun almenningssamgangna um land allt.

Skilgreining opinberrar þjónustu og jöfnun aðgengis.

- [Tillaga að skilgreiningu á opinberri grunnþjónustu](#), aðgengi og rétti ásamt greinargerð var birt í samráðsgátt stjórnvalda í ágúst 2021. Frekari vinnsla verkefnisins bíður framhaldsaðgerðar í endurnýjaðri byggðaaætlun.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

<sup>8</sup> Breyting innan við 0,05% er innan skekkjumarka.

**Markmið 2: Jafna tækifæri til atvinnu.****Mælikvarðar fyrir markmið 2****Raun 2020** Breyting**Víðmið 2021****Árangur 2021** Breyting

Atvinnuþátttaka<sup>9</sup> og meðalatvinnutekjur á atvinnugreinasvæðum.<sup>10</sup>

Atvinnuþátttaka lækkaði í öllum landshlutum, mest á Suðurnesjum um 13,3% en minnst á Vestfjörðum um 2%. Atvinnutekjur hækkuðu mest á Vestfjörðum um 357 þús.kr. en lækkuðu mest á Suðurnesjum um 21 þús.kr.

Víðmiðið er að atvinnuþátttaka minnki ekki og að meðalatvinnutekjur lækki ekki milli ára.

Atvinnuþátttaka jókst í öllum landshlutum, mest á Suðurnesjum um 12,4% en minnst á Vestfjörðum um 1,7%.

	Atvinnuþátt.	Meðalatvinnutekjur í þús.kr.
Höfuðb.svæði	-6,1%	-13
Suðurnes	-13,3%	-21
Vesturland	-4,5%	69
Vestfirðir	-2,0%	357
N. vestra	-2,5%	205
N. eystra	-4,4%	211
Austurland	-3,3%	136
Suðurland	-6,7%	-15

	Atvinnuþátt.
Höfuðb.svæði	5,3%
Suðurnes	12,4%
Vesturland	3,9%
Vestfirðir	1,7%
N. vestra	2,1%
N. eystra	3,7%
Austurland	3,2%
Suðurland	5,1%

<sup>9</sup> Heimild: Vinnuálastofnun (fjöldi á vinnumarkaði, atvinnuleysi og starfandi).

<sup>10</sup> Heimild: Skatturinn. Upplýsingar fyrir nýliðið ár liggja ekki fyrir fyrr en síðla árs hjá Skattinum og því vantar tölur um meðalatvinnutekjur landsvæða.

## Aðgerðir sem styðja við markmið 2

## Framkvæmt 2021

Nýsköpunar- og þróunarverkefni fyrir Flateyri í kjölfar snjóflóða 2020.

- Vorið 2020 gerðu samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, Ísafjarðarbær og Vestfjarðastofa samning um nýsköpunar- og þróunarverkefni fyrir Flateyri. Samningurinn gildir til þriggja ára eða til 1. júlí 2023 og leggur ráðuneytið til samtals 78 m.kr. Árið 2021 var auglýst eftir umsóknum og voru veittir verkefnastyrkir til 18 verkefna, samtals 20 m.kr. Verkefnin þurfa að styðja við niðurstöður íbúasamráðs, markmið samningsins og markmið Sóknaráætlunar Vestfjarða. [Hér má nálgast upplýsingar um verkefnin og stöðu þeirra.](#)

Fjarvinnslustöðvar. Samkeppnispottur þar sem stofnanir geta sótt um styrk til að koma opinberum gögnum á stafrænt form og fjölga þar með atvinnutækifærum á landsbyggðinni.

- Árið 2021 voru ekki veittir nýir styrkir til fjarvinnslustöðva heldur unnið áfram með samninga sem gerðir voru 2020. Í gildi eru fjórir samningar frá 2020 sem gilda til 2021 og 2022.

Innleiðing á nýju fyrirkomulagi svæðisbundinnar jöfnunar á flutningi olíuvara.

- Svæðisbundin flutningsjöfnun olíuvara var færð í lög um svæðisbundna flutningsjöfnun, nr. 160/2011, auk þess sem reglugerð um styrki vegna jöfnunar á flutningskostnaði olíuvara var gefin út af ráðherra 13. júlí 2021. Greidd verður flutningsjöfnun olíuvara eftir nýju fyrirkomulagi í fyrsta sinn á vormánuðum 2022 vegna ársins 2021.

● Ekki hafin   ● Undirbúningur hafinn   ● Aðgerð hafin   ● Komin vel á veg   ● Lokið

**Markmið 3: Stuðla að sjálfbærri þróun byggða.**

**Mælikvarðar fyrir markmið 2**

**Raun 2020** Breyting milli ára

**Viðmið 2021**

**Árangur 2021** Breyting milli ára

Framfærsluhlutfall eftir landshlutum.<sup>11</sup>

Framfærsluhlutfall hækkaði í öllum lands-  
hlutum nema á Austurlandi, en þar lækkaði  
hlutfallið um 1,5%.

Viðmiðið er að framfærsluhlutfall hækki ekki  
milli ára.

Framfærsluhlutfall hækkaði í öllum landshlutum  
nema á Vesturlandi, Norðurlandi eystra og Austur-  
landi þar sem það lækkaði mest eða um 1,3%.

Framfærsluhlutfall	
Höfuðb.svæði	0,6%
Suðurnes	1,1%
Vesturland	1,7%
Vestfirðir	0,0%
N. vestra	0,7%
N. eystra	0,6%
Austurland	1,5%
Suðurland	0,9%
<b>Landsbyggð</b>	<b>0,6%</b>
<b>Heildin</b>	<b>0,7%</b>

Framfærsluhlutfall	
Höfuðb.svæði	0,3%
Suðurnes	1,1%
Vesturland	0,3%
Vestfirðir	-0,5%
N. vestra	0,4%
N. eystra	-0,1%
Austurland	-1,3%
Suðurland	1,0%
<b>Landsbyggð</b>	<b>0,4%</b>
<b>Heildin</b>	<b>0,3%</b>

Lýðfræðilegir veikleikar.<sup>12</sup>

Stuðull fyrir landsbyggðina hækkaði ekki meira  
en fyrir landið allt.

Viðmiðið er að ekki eigi sér stað hækkun á  
veikleikastuðli á landsbyggðinni umfram landið  
allt milli ára.

Lýðfræðilegir veikleikar.

Lýðfræðilegir veikleikar	
Höfuðb.svæði	-1
Suðurnes	-1
Vesturland	0
Vestfirðir	1
N. vestra	0
N. eystra	-2
Austurland	0
Suðurland	0
<b>Landsbyggð</b>	<b>0</b>
<b>Heildin</b>	<b>0</b>

Lýðfræðilegir veikleikar	
Höfuðb.svæði	0
Suðurnes	0
Vesturland	-2
Vestfirðir	-1
N. vestra	1
N. eystra	-2
Austurland	-2
Suðurland	-1
<b>Landsbyggð</b>	<b>0</b>
<b>Heildin</b>	<b>0</b>

<sup>11</sup> Framfærsluhlutfall: Hlutfallsfjöldi íbúa í aldurshópi 0-14 ára og 65 ára og eldri af fjölda í aldurshópi 15-64 ára.

<sup>12</sup> Lýðfræðilegir veikleikar: Landshluti er metinn í áhættuferli ef vergt fæðingarhlutfall er lægra en 11%, vergt dánarhlutfall er hærra en 10%, hlutfall brottfluttra 0% og hlutfall kvenna er lægra en 95% í aldurshópi 15-64 ára. Auk þess er tekið mið af hlutfallsfjölda allra aldursflokka. Útreikningar frá Nordregio, www.nordregio.se.

## Aðgerðir sem styðja við markmið 3

## Framkvæmt 2021

Stuðningur við atvinnuþróun og nýsköpun, m.a. á vegum [sóknaráætlana landshluta](#).

- [Sóknaráætlanir](#) landshluta styðja með öflugum hætti við atvinnuþróun og nýsköpun, bæði í gegnum uppbyggingarsjóði og áhersluverkefni. Árið 2021 veitti ríkið samtals um 800 m.kr. til sóknaráætlana, þar af 100 m.kr. tímabundið vegna áhrifa Covid-19 faraldursins í öllum landshlutum. Að auki var á árinu unnið skv. níu samningum um sértæk verkefni sóknaráætlanasvæða, samtals að upphæð 141 m.kr.

Fleiri konur í sveitarstjórnir.<sup>13</sup>

- Sveitarstjórnarkosningar 2018 skiluðu jafnara hlutfalli karla og kvenna en áður, en hlutfall kenna var 47%. Það leiddi til áherslubreytingar á aðgerðinni sem samhæfð var [framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum](#) og [aðgerðaáætlun í sveitarstjórnarmálum](#). Árið 2021 var því undirbúin herferð sem hófst í byrjun árs 2022 undir heitinu „#Játak“ þar sem öll framboð til sveitarstjórna voru hvött til að huga að fjölbreytni, standa vörð um jafnan rétt allra kynja og stilla upp listum sem spanna vel fjölbreytt lítróf mannlífsins.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

## Dæmi um aðrar aðgerðir sem styðja við markmiðin í málaflokknum:

- Gefin var út skýrsla á vegum fjármála- og efnahagsráðuneytis, forsætisráðuneytis og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis um [stöðu og framtíðarhorfur verkefnisins störf án staðsetningar](#). Greining á stöðugildum ráðuneyta og ríkisstofnana á höfuðborgarsvæðinu leiddi í ljós að í heild væri mögulegt að auglýsa um 10% starfa án staðsetningar.
- Samningur var gerður við Múlaþing og Austurbrú með það að markmiði að styðja við atvinnulíf og samfélag á Seyðisfirði í kjölfar aurskriða í desember 2020. Samningurinn gildir til þriggja ára og renna samtals 215 m.kr. til hans, þar af 105 m.kr. árið 2021. Að auki var veittur 76 m.kr. styrkur til Múlaþings til að takast á við ófyrirséð útgjöld í kjölfar hamfaranna og endurreisn samfélagsins.
- Gerður var samningur við Sigtún þróunarfélag um þróun hugmyndafræðinnar og aðstöðu fyrir óstaðbundin störf. Samningurinn nær til tveggja ára og nemur framlag ríkisins samtals 30 m.kr.

<sup>13</sup> Samhæfð aðgerð byggðaáætlunar og stefnumótandi áætlun í sveitarstjórnarmálum.



## 11.10 Samgöngur

Í samgönguáætlun eru skilgreind fimm lögbundin markmið fyrir málaflokkinn og miða þau að því að samgöngur séu:

1. Greiðar.
2. Öruggar.
3. Hagkvæmar.
4. Umhverfislega sjálfbærar.
5. Stuðli að jákvæðri byggðapróun.



## Árangur markmiða fyrir málaflokk 11.10

### Markmið 1: Greiðar samgöngur.

Mælikvarðar fyrir markmið 1	Raun 2020	Viðmið 2021	Árangur 2021
Fjöldi einbreiðra brúa á hringvegi.	32	29	32
Óbundið slitlag (km) á stofnvegum í grunnneti utan hálendis. <sup>14</sup>	365 km	325 km	332 km

### Aðgerðir sem styðja við markmið 1

### Framkvæmt 2021

Stórátak í vegaframkvæmdum í samræmi við fjárfestingaráttak. Framkvæmdir verða á stofnæðum út frá höfuðborgarsvæðinu; á Reykjanesbraut, Vesturlandsvegi og Suðurlandsvegi. Einnig má nefna framkvæmdir á Þverárfjallsvegi og Skagastrandarvegi, Borgarfjarðarvegi, Snæfellsnesvegi um Skógarströnd og hringtorg við Landvegamót á Eyrarbakkevegi og á Flúðum.

- Framkvæmdir á stofnæðum:  
Lokið var við mat á umhverfisáhrifum vegna Reykjanesbrautar frá Krýsuvíkurvegi að Hvassahrauni í lok árs 2021 og jafnframt var unnið að hönnun. Lokið var við aðskilnað akstursstefna á Vesturlandsvegi í Mosfellsbæ milli Skarhólbrautar og Langatanga og boðinn út síðasti kaflinn frá Langatanga að Hafravatnsvegi. Framkvæmdir við breikkun Suðurlandsvegur frá Fossvöllum að Hólmsá á 3,3 km kafla voru boðnar út 2021.
- Framkvæmdir á Þverárfjallsvegi og Skagastrandarvegi voru boðnar út á árinu, framkvæmdir við Borgarfjarðarveg eystri hófust á árinu, framkvæmdir við Snæfellsnesveg og tvær brýr á Skógarströnd hófust ásamt framkvæmdum við hringtorg á Eyrarbakkevegi og Flúðum.

Stærstu vegaframkvæmdir utan fjárfestingaráttaks eru m.a. um Gatnabrún og öryggisaðgerðir í Vík, á Suðurlandsvegi milli Biskupstungnabrautar og Varmár, Hringvegur um Kjalarnes, Vestfjarðarvegur um Gufudalssveit og Dynjandisheiði og Akranesvegur.

- Lokið var við öryggisaðgerðir í Vík.
- Vel gekk með framkvæmdir á Suðurlandsvegi og er ráðgert að þeim ljúki á árinu 2022.
- Unnið er að fyrsta áfanga við breikkun Hringvegur um Kjalarnes og lýkur honum 2023.
- Á Vestfjarðavegi um Gufudalssveit var lokið við bundið slitlag á um 6 km kafla sem fær nafnið Gufudalsvegur þegar framkvæmdum lýkur.
- Framkvæmdir við þverun Þorskafjarðar hófust og Djúpadalssvegur var boðinn út og framkvæmdir þar hófust. Tveir hlutar nýs Vestfjarðarvegur um Dynjandisheiði voru opnaðir fyrir umferð árið 2021 og verður lokið með bundnu slitlagi árið 2022.
- Lokið var framkvæmdum við hækkun Akranesvegur og nýja sjóvörn.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

<sup>14</sup> í grunnneti vegakerfisins eru stofnvegir eins og þeir eru skilgreindir í 8. gr. vegalaga, nr. 80/2007.

## Aðgerðir sem styðja við markmið 1

## Framkvæmt 2021

Hringvegur um Hornafjarðarfljót, og Öxi og ný brú yfir Ölfusá.

- Hringvegur um Hornafjarðarfljót var boðinn út sem samvinnuverkefni á árinu 2021 og nýs vegar og brúar yfir Ölfusá.
- Unnið var að undirbúningi útboðs vegna Axarveggar.

Áhersla er lögð á að styrkja og leggja bundið slitlag á tengivegi í samræmi við fjárfestingaráttak

- Framkvæmdir voru í gangi við eftirfarandi verkefni undir liðnum tengivegir, bundið slitlag:
  - Dyrhólavegur um Háey: 1,3 km
  - Urríðafossvegur: 1,2 km
  - Langholtsvegur og Auðholtsvegur: 2,8 km
  - Hrunavegur: 3,6 km
  - Oddavegur: 2,8 km
  - Rangárvallavegur: 2,4 km
  - Mófellsstaðavegur: 1,6 km
  - Skorradalsvegur: 3,7 km
  - Þverárhliðarvegur: 8,5 km
  - Hvítársíðuvegur: 2,8 km
  - Álfthaneshreppsvegur: 7,5 km
  - Norðausturvegur: 20,5 km
  - Reykjastrandarvegur: 5,5 km
  - Hlíðarvegur: 3,3 km
  - Upphéraðsvegur: 3,7 km

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

## Markmið 2: Öruggar samgöngur.

Mælikvarðar fyrir markmið 2	Raun 2020	Víðmið 2021	Árangur 2021
Látnum og alvarlega slösuðum í umferð fækki að jafnaði um 5% á 100.000 íbúa á ári til ársins 2034.	157	148	209
Flugslysnum og alvarlegum flugatvikum í flutningaflugi loftfara skráðum á Íslandi fækki um 3% á ári, mælt á hverjar 10.000 flughreyfingar.	Flutningaflug: 1,10	Flutningaflug: 0,99	Flutningaflug: 0,34
Flugslysnum og alvarlegum atvikum í almannaflugi fækki um 10% á ári.	Almannaflug: 11	Almannaflug: 10	Almannaflug: 6
Skráðum atvikum á sjó fækki að jafnaði um 5% á hverju ári til ársins 2034.	153	145	108

### Aðgerðir sem styðja við markmið 2

### Framkvæmt 2021

Fækkun einbreiðra brúa á Hringvegi í samræmi við fjárfestingaráttak, m.a. yfir Gilsá á Völlum á Skriðdals- og Breiðdalsvegi, Núpsvötn, Stóru-Laxá á Skeiða- og Hrunamannavegi og Skjálfandafhljót á Hringvegi hjá Fosshóli og Goðafossi.

● Framkvæmdir hófust við Gilsá á Völlum, Núpsvötn og Stóru-Laxá. Unnið var að hönnun brúar yfir Skjálfandafhljót á Hringvegi. Einnig lauk framkvæmdum við brýr yfir Botnsá í Tálknafirði og Bjarnadalsá í Öndarfirði.

Fjárfestingaráttak vegna óveðurstengdra verkefna, s.s. endurnýjunar á upplýsingagátt vega og upplýsingakerfis um veður og sjólag, endurnýjunar öldudufna o.fl.

● Vöktunarbúnaður á vettvangi var aukinn vegna snjóflóða og skriðufalla. Lokunarhliðum var fjölgað og myndvöktun aukin. Tvö öldudufn voru endurnýjuð og búnaður í vaktstöð uppfærður til að auka gæði upplýsinga.

Viðhald verður aukið á innanlandsflugvöllum og lendingarstöðum í samræmi við fjárfestingaráttak.

● Lokið var við uppsetningu hindrunarljósá á Ísafjarðarflugvelli og fram fór hönnun á ljósum á Norðfjarðarflugvelli.

Greindir verði kostir við endurbætur og samræmingu á skráningu samgönguslysa hjá Samgöngustofu.

● Verkefninu er stýrt af Landlæknisembættinu og var ekki í gangi 2021.

● Ekki hafin   ● Undirbúningur hafinn   ● Aðgerð hafin   ● Komin vel á veg   ● Lokið

### Markmið 3: Hagkvæmar samgöngur.

Mælikvarðar fyrir markmið 3	Raun 2020	Víðmið 2021	Árangur 2021
Samgöngukostnaður heimila (hlutfallslegur).	15,1%	13,5%	14,1%

#### Aðgerðir sem styðja við markmið 3

#### Framkvæmt 2021

Veðurathuganir í Hvassahrauni í tengslum við áform um byggingu nýs flugvallar.

- Hafin var gagnasöfnun vegna veður- og ókyrrðarmælinga í Hvassahrauni. Gagnasöfnun fer fram til 2023.

Greindar verða þarfir og kostir við endurnýjun á ökutækjaskrá.

- Í kjölfar greiningar vegna undirbúnings á endurnýjun ökutækjaskrár var tekin ákvörðun um hvaða þróunar-umhverfi myndi henta best m.t.t. uppfærslu og þróunar veflausna. Um langtímaverkefni er að ræða með það að markmiði að tryggja grunn ökutækjaskrárinnar og uppfæra og auka öryggi gagnamiðlunar. Einnig var sett á laggirnar verkefni um greiningu á stöðu kjarnakerfa í ríkisrekstri á vegum fjármála- og efnahagsráðuneytis sem stendur enn yfir og mun hafa áhrif á endurnýjun ökutækjaskrár. Dæmi um verkefni ársins tengd þróun ökutækjaskrár er ný vefþjónusta fyrir eigendaskipti stórnotenda.

Efling rafrænnar þjónustu og einföldun ferla, m.a. vegna ökunáms og ökuréttinda.

- - Gott samstarf hefur verið um eflingu rafrænnar þjónustu, m.a. með möguleikum á yfirfærslu á „Mínu svæði“ Samgöngustofu yfir til Stafræns Íslands. Verkefnið um að gera almennt ökunám til B-réttinda stafrænt frá upphafi til enda gekk vel á árinu og hægt var að sækja um útgáfu fullnaðarskírteinis til ökuréttinda á Ísland.is. Með því að gera umgjörð ökunáms stafrænna er búið að bæta þjónustu við nokkur þúsund ökunema á hverju ári og einfalda stjórnsýslu umtalsvert. Reynsla af stafrænni umsókn um fullnaðarskírteini mun svo nýtast við vinnu við gerð fleiri stafrænna umsóknarferla tengdum ökuskírteinum, t.d. bráðabirgðaskírteina sem nú er unnið að.
  - Þá var markmiði um framþróun þjónustu við útgerðir og sjófarendur með nýju upplýsingakerfi fram haldið en viðtökuprófunum lauk á árinu.

Leitað leiða til að jafna stöðu kynja í samgöngum og samgöngutengdum greinum.

- - Á árinu var lögð áhersla á íslenskar sjókonur. Haldinn var fræðslufundur um sögu íslenskra sjókvenna auk þess sem haldið var áfram með fjölmiðlaumfjöllun um sjókonur þar sem leitast var við að konur í sjósókn og siglingum væru ávallt viðmælendur. Þá var unnið að styrkingu tengslanets kvenna í siglingum.
  - Einnig kom út skýrslan [Samgöngur og jafnrétti](#) þar sem fram kemur að merkjanlegur kynbundinn munur er á notkun samgöngukerfisins. Jafnframt eru í skýrslunni dregnir fram valkostir til að bæta stöðu kvenna í samgöngum.

#### Markmið 4: Umhverfislega sjálfbærar samgöngur.

Mælikvarðar fyrir markmið 4	Raun 2020	Víðmið 2021	Árangur 2021
Meðaltalslosun gróðurhúsalofttegunda frá fólksbílum.	155 g/km	149 g/km	137 g/km
Hlutfall almenningssamgangna í fjölda ferða innan höfuðborgarsvæðisins.	24%	26%	24%

#### Aðgerðir sem styðja við markmið 4

#### Framkvæmt 2021

Innleiðing heildarstefnu í almenningssamgöngum á landi, í lofti og á legi. Þar má nefna að hafin verði vinna við undirbúning á sameiginlegri miðlægrri upplýsingagátt almenningssamgangna.

● Unnið var að samþættingu milli ferðamáta, samræmingu tímataflna og biðstöðva. Þá var unnið að endurbótum á gjaldskrá. Undirbúningur hófst við gerð sameiginlegrar miðlægrar upplýsingagáttar sem felst m.a. í því að útbúa samræmda gagnaskráningu hjá þeim rekstraraðilum sem sjá um að veita niðurgreidda þjónustu.

Unnið verður að undirbúningi og framkvæmdum á verkefnum samkvæmt framkvæmdaáætlun Samgöngusáttmála. Þar má nefna fyrsta áfanga Borgarlínu, stofnvegaframkvæmdir, bættu umferðarstýringu auk hjóla- og göngustíga.

● Unnið var að ýmsum framkvæmdum á árinu s.s.:

- Lokafrágangi vegna breikkunar Reykjanesbrautar milli Kaldárselsvegur og Krísuvíkurvegur, en nýr vegur opnaði í lok árs 2020.
- Lokafrágangi Vesturlandsvegur milli Skarhólabrautar og Langatanga og Suðurlandsvegur milli Vesturlandsvegur og Bæjarháls, en nýir vegir voru opnaðir í kringum áramótin 2020/2021.
- Framkvæmdir við Vesturlandsveg milli Langatanga og Hafravatnsvegur voru boðnar út í desember 2020 og voru í gangi 2021.
- Unnið var að frumdrögum hönnunar á Sæbrautarstokk.
- Borgarlína: Unnið var að frumdrögum gatnamóta og útfærslu stöðva fyrir fyrstu lotu Borgarlínu.
- Haldin var hönnunarsamkeppni vegna Fossvogsbrúar.
- Flæðisbætandi aðgerðir fóru m.a. fram við Hafnarfjarðarveg – Bústaðaveg, vestari enda brúar.
- Eftirfarandi hjólastígar voru lagðir:
  - » Hjólastígur meðfram Fífuhammsvegi í Kópavogi, frá Lindavegi að Salavegi.
  - » Hjólastígur frá Leirvogstungu að Varmá.
  - » Hjólastígar meðfram Bústaðavegi, frá Veðurstofu að Litluhlíð, ásamt undirgöngum.

## Aðgerðir sem styðja við markmið 4

## Framkvæmt 2021

Átak verður í framkvæmdum í höfnum og sjónörnum í samræmi við fjárfestingaráttak.

- Stærri verkefni sem hófust 2021:
  - Ísafjarðarhöfn, lenging Sundabakka um 300 m
  - Þorlákshöfn, lenging Suðurvarnargarðs og færsla Suðurvararbryggju
  - Sauðárkrókur, nýr 30 t dráttarbátur
  - Djúpivogur, endurbygging hafskipabryggju

Eftirfarandi verkefnum lauk á árinu:

- Sauðárkrókur – hækkun og lenging sjóvarna við Skarðseyri
- Grindavík – sjóvarnir
- Húsavík – lenging sjóvarnar og styrking
- Siglufljórður – hækkun sjóvarna og grjótna við höfnina
- Bakkafjórður – endurbygging brimvarnargarðs
- Hrísey – lenging brimvarnargarðs og viðgerð á þekju

Framkvæmdir við dýpkun við Sundabakka voru boðnar út.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

**Markmið 5:** Samgöngur stuðli að jákvæðri byggðaðróun.

Mælikvarðar fyrir markmið 5	Raun 2020	Víðmið 2021	Árangur 2021
Fjöldi farþega í innanlandsflugi.	164.165	390.000	283.368
Óbundið slitlag (km) í byggðakjörnum þar sem íbúar eru >100 í samþættu kerfi.	15 km	15 km	15 km

**Aðgerðir sem styðja við markmið 5****Framkvæmt 2021**

Loftbrú.is. Kostnaðarþátttaka ríkisins í flugfargjöldum innanlands fyrir íbúa landsbyggðarinnar.

● Loftbrú hófst í september 2020 og veitir 40% afslátt til þeirra sem eiga lögheimili á landsbyggðinni fjarri höfuðborgarsvæðinu og á eyjum án vegasambands. Alls ná afsláttarkjör Loftbrúar til rúmlega 60 þúsund íbúa á þessum svæðum. Á árinu voru 57.974 ferðir bókaðar með Loftbrú.

Fjárfestingar verða á flugvöllum, m.a. akbraut á Egilsstaðaflugvelli, flughlað á Akureyri og flugstöð á Akureyri.

● Unnið var að malbiksframkvæmdum á Egilsstaðaflugvelli ásamt framkvæmdum við neðra burðarlag nýs flughlaðs á Akureyri. Lokið var við hönnun á stækkun flugstöðvarinnar á Akureyri og verkefnið boðið út.

● Ekki hafin   ● Undirbúningur hafinn   ● Aðgerð hafin   ● Komin vel á veg   ● Lokið

**Dæmi um aðrar aðgerðir sem styðja við markmiðin í málaflokknum:**

- 
- Nýr upplýsingavefur fyrir sjófarendur [www.sjolog.is](http://www.sjolog.is) var opnaður með bættum upplýsingum fyrir sjófarendur.
- 
- Unnin var félagshagfræðileg greining á arðsemi af lagningu Sundabrautar. Í ljós kom að arðsemin er mikil en innri vextir framkvæmdarinnar voru metnir á bilinu 10-12% en miðað við hefðbundin viðmið væru verkefni talin fýsileg ef innri vextir væru yfir 3,5%. Ábati notenda Sundabrautar, hvort sem þeir fara akandi, hjólandi eða með almenningssamgöngum, verður því verulegur.
- 
- Út kom skýrsla um [áhrif loftslagsbreytinga á samgöngur](#) og þær áskoranir sem loftslagsbreytingar hafa í för með sér fyrir samgöngur. Dregnir eru fram helstu þættir sem bregðast þarf við.
- 
- Unnin var skýrsla um [öryggishlutverk lendingarstaða í flugi](#). Um er að ræða lendingarstaði án áætlunarflugs og loftför sem nýtt eru til almannavarna. Gerð er tillaga um hvaða lendingarstaðir skulu hafðir til reiðu fyrir sjúkraflug og flug sem tengist þjóðaröryggi og náttúruvá og hvaða kröfur þeir þurfi að uppfylla.
- 
- Ný heildarlög um skip voru samþykkt á Alþingi sem m.a. stuðlar að öryggi íslenskra skipa og einfaldar lagaumhverfi þeirra.
-



## 11.30 Stjórnsýsla samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis



## Árangur í málaflokki 11.30

### Aðgerðir

### Framkvæmt 2021

Samræming og samþætting áætlana ráðuneytisins.

- Unnið var áfram að samræmingu og samhæfingu áætlana. Lagðar voru í samráðsgátt stjórnvalda grænbók/stöðumat í samgöngumálum og hvítbók/drög að stefnu í byggðamálum. Einnig var þingsályktunartillaga að nýrri byggðaáætlun lögð fram á Alþingi sem náði þó ekki fram að ganga. Stefnumótun áætlana var samhæfð, þ.e. hún var unnin á samræmdan hátt og einnig stuðlað að samvinnu þeirra.

Unnið áfram að einföldun regluverks með áherslu á þjónustumiðaða stjórnsýslu.

- Fjórir lagabálkar um skip voru sameinaðir í einn aðgengilegan lagabálk og fjórir felldir niður. Þá voru tiltekin ákvæði færð úr skipalögum og í stjórnvaldsfyrirmæli. Með breytingunum er einfaldara að kynna sér reglur sem gilda meðal annars um skráningu skipa, smíði, hönnun og búnað þeirra sem og eftirlit með þeim.
- Gerðar voru breytingar á umferðalögum með það að markmiði að létta á stjórnsýslu- og kostnaðarbyrði vegna létttra eftirvagna.
- Felldir voru brott lagabálkar á málefnasviðum ráðuneytisins sem hafa ekki þýðingu lengur með það að markmiði að einfalda regluverk og eyða óvissu í lagaframkvæmd.
- Gerðar voru breytingar á lögum um farþegaflutninga og farmflutninga til að auka skýrleika heimilda sem og að styðja við rafrænar lausnir.
- Opnaður var gagnvirkur upplýsingavefur, [www.vegvisir.is](http://www.vegvisir.is), sem er ætlað að vera leiðarvísir almennings að lykilupplýsingum um stefnur og áætlanir málaflokka ráðuneytisins.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

## 31.10 Húsnæðismál

Í fjármálaáætlun eru skilgreind þrjú markmið fyrir málaflokkinn. Aðgerðir í fjárlögum 2021 falla undir öll markmiðin, en þau eru:

1. Aukinn stöðugleiki á húsnæðismarkaði með auknu jafnvægi á milli framboðs og eftirspurnar húsnæðis.
2. Aukinn aðgangur að öruggu og viðeigandi húsnæði fyrir fyrstu kaupendur og tekjulága.
3. Húsnæðiskostnaður efnaminni fjölskyldna og einstaklinga verði lækkaður.



## Árangur markmiða fyrir málaflokk 31.10

Mælikvarðar	Raun 2020	Viðmið 2021	Árangur 2021
Áætluð óuppfyllt íbúðarþörf.	1.700-4.000	3.200-4.850	3.200-4.850
Heildarfjöldi veittra stofnframlaga vegna almennra íbúða.	2.625	2.800	2.993
Heildarfjöldi veittra hlutdeildarlána til kaupa á fyrstu íbúð.	4	400-440	297
Hlutfall húsaleigu af tekjum leigjenda á almennum markaði að teknu tilliti til húsnæðisbóta.	30,6% <sup>15</sup>	30,5%	28% <sup>16</sup>

### Aðgerðir í málaflokknum

#### Framkvæmt 2021

Hlutdeildarlán til fyrstu kaupa á íbúðarhúsnæði.	● Kerfið er komið í rekstur og heildarfjöldi samþykktra umsókna orðinn 578, að fjárhæð 4,9 ma.kr.
Áframhaldandi uppbygging almenna íbúðakerfisins með frekari stofnframlögum ríkis og sveitarfélaga.	● Tvær úthlutanir stofnframlaga að upphæð 2,7 ma.kr. til 364 íbúða.
Samstarf opinberra stofnana um upplýsingaöflun og -miðlun um húsnæðismarkaðinn.	● Ný mannvirkjaskrá var tekin í notkun, sem var fyrsta skrefið í samstarfi opinberra stofnana um upplýsingaöflun og -miðlun um húsnæðismarkaðinn.
Þingsályktunartillaga um stefnumótun á sviði húsnæðismála til næstu fjögurra ára.	● Undirbúningur stefnumótunar fór ekki af stað fyrr en 2022.

● Ekkí hafin   ● Undirbúningur hafinn   ● Aðgerð hafin   ● Komin vel á veg   ● Lokið

<sup>15</sup> Miðgildi hlutfalls húsaleigu af ráðstöfunartekjum þeirra sem fá greiddar húsnæðisbætur og leigja á almennum markaði, að teknu tilliti til húsnæðisbóta.

<sup>16</sup> Reiknað er út frá skráðum leigufjárhæðum og meðaltekjum skv. útreikningi Húsnæðisbótakerfis, að frádregnum húsnæðisbótum.

## Aðgerðir í málaflokknum

## Framkvæmt 2021

Byggingarkostnaður lækkaður með endurskoðun byggingarmála.

Gerð var breyting á byggingarreglugerð um flokkun mannvirkja sem einfaldar stjórnsýslu. Mannvirkjaskrá gefur rauntímaupplýsingar um stöðu bygginga og dregur þannig úr sóun.

Sérstaklega verði tekið mið af stöðu þeirra sem verst standa við stefnumótun á sviði húsnæðismála.

Þessi áhersla er hluti af stefnumótun á sviði húsnæðismála og verður höfð til hliðsjónar í þeirri vinnu sem hófst 2022.

Réttarstaða leigjenda bætt með breytingum á húsaleigulögum.

Undirbúningur að frumvarpi um málefnið fór fram á árinu en það fór í þinglega meðferð á vorþingi 2022.

Fræðsla og kynning á réttarstöðu leigjenda.

Endurnýjaður var samningur við Neytendasamtökin um aðstoð til leigjenda sem eykur þjónustuna til muna. Þau nýmæli eru í samningnum að leigusalar geta nú einnig fengið ráðgjöf hjá Leigjendaástoðinni sem jafnframt getur haft milligöngu fyrir innflytjendur og aðra leigjendur sem kunna að standa höllum fæti á leigumarkaði vegna ágreinings, er fellur undir húsaleigulögin, við leigusala. Á nýjum vef leigjendur.is má finna ítarlegar upplýsingar um réttindi leigjenda á þremur tungumálum; íslensku, ensku og pólsku.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

## Dæmi um aðrar aðgerðir sem styðja við markmiðin í málaflokknum:

- Húsnæðis- og mannvirkjastofnun opnaði nýjan vef byggingareglugerð.is þar sem hægt er að nálgast byggingarreglugerð á rafrænu formi með góðu aðgengi að leiðbeiningum, breytingarsögu og tæknilegum útfærslum.
- Úthlutað var 23 styrkjum til mannvirkjarannsókna úr [mannvirkjarannsóknarsjóðnum Askí](#). Alls var 95 milljónum kr. úthlutað.
- Ráðist var í átak við að leiðbeina sveitarfélögum og slökkviliðum um gerð brunavarnaáætlana. Átakið hefur skilað sínu og eru nú 47% slökkviliða með gilda áætlun og nokkrar í samþykktarferli en gera má ráð fyrir að staðan í lok 2022 verði um 70%.
- Nýtt umsóknarkerfi stofnframlaga og lögaðilalána var tekið í notkun og verður í áframhaldandi þróun svo full skilvirkni náist.
- Verklagi við móttöku og vinnslu umsókna var breytt með það að markmiði að tryggja að van- og ofgreiðslur húsnæðisbóta komi fyrir í ljós.



## 31.20 Skipulagsmál

Markmið landsskipulagsstefnu eru fjögur. Þau eru:

1. Staðinn verði vörður um náttúru og landslag miðhálandisins vegna náttúruverndargildis og mikilvægis fyrir útivist. Uppbygging innviða á miðhálandinu taki mið af sérstöðu þess.
2. Skipulag í dreifbýli gefi kost á fjölbreyttri nýtingu lands, svo sem til ræktunar, ferðaþjónustu og útivistar, í sátt við náttúru og landslag.
3. Þróun þéttbýlis og fyrirkomulag byggðar stuðli að sjálfbærni með áherslu á gæði í hinu byggða umhverfi og markvissu og samþættu skipulagi byggðar og samgangna.
4. Skipulag haf- og strandsvæða veiti grundvöll fyrir fjölbreyttri nýtingu um leið og viðhaldið verði mikilvægum auðlindum hafsvæða við Ísland.

## Árangur markmiða fyrir málaflokk 31.20

### Aðgerðir í málaflokknum

### Framkvæmt 2021

Aukin skilvirkni í málsmeðferð.

- Ný lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021, tóku gildi í september 2021. Þau fela í sér skilvirkari málsmeðferð umhverfismats og hvata til samþættingar skipulagsferlis og ferlis umhverfismats framkvæmda. Í þeim hafa afgreiðslufrestir Skipulagsstofnunar verið endurskoðaðir og rýmkaðir með það að markmiði að þeir séu raunhæfir, sem stuðlar að auknum fyrirsjáanleika. Einnig hefur verið unnið að endurbótum á verklagi og yfirsýn yfir lykiltölur í rekstri hjá Skipulagsstofnun. Þá var á vorþingi 2021 lagt fram frumvarp til breytinga á skipulagslögum með það að markmiði að einfalda ferli en það náði ekki fram að ganga.

Innleiðing stafræns skipulags.

- Öllu nýju aðalskipulagi er nú skilað á samræmdu, stafrænu formi til Skipulagsstofnunar í samræmi við gagnalýsingu og leiðbeiningar sem stofnunin hefur gefið út. Jafnframt vinnur stofnunin að því að setja eldra aðalskipulag á samræmt stafrænt form. Vinna við næsta áfanga, innleiðingu stafræns deiliskipulags, er hafin og verður í vinnslu næstu ár.

Strandsvæðisskipulag fyrir Austfirði og Vestfirði.

- Unnið var að greiningu forsendna fyrir strandsvæðisskipulag á Austfjörðum og Vestfjörðum. Gefnar voru út skýrslur fyrir hvort svæði fyrir sig annarsvegar er um að ræða skýrslu um núverandi nýtingu og verndarákvæði á svæðunum ásamt fyrirbyggjandi stefnu stjórnvalda og hinsvegar samantekt af samráði við gerð skipulagsins. Á grundvelli forsendugreiningar var unnið að tillögum að gerð strandsvæðisskipulags á hvoru svæði fyrir sig.

● Ekki hafin   ● Undirbúningur hafinn   ● Aðgerð hafin   ● Komin vel á veg   ● Lokið

### Dæmi um aðrar aðgerðir sem styðja við markmiðin í málaflokknum:

- Unnið var að undirbúningi að stafrænni skipulagsgátt í samvinnu við Verkefnastofu um stafrænt Ísland.
- Lögð var fram þingsályktunartillaga að viðauka við gildandi landsskipulagsstefnu á Alþingi sem hlaut ekki afgreiðslu.


## 4. Framvinda í kynja- og jafnréttismálum

Framtíðarsýn ráðuneytisins er að kynja- og jafnréttissjónarmið verði samþætt við val aðgerða og ákvarðanatöku. Í ráðuneytinu voru tekin skref í átt að þessari framtíðarsýn með frekari greiningu á stöðu kynjanna á flestum málefnasviðum sem ráðuneytið ber ábyrgð á, með það að markmiði að varpa ljósi á þær áskoranir sem til staðar eru í jafnréttismálum. Einn af mikilvægustu þáttunum í þeirri vinnu eru auknar rannsóknir og öflun kyngreinanlegra gagna. Góð gögn eru forsenda þess að koma auga á aðgerðir sem geta skilað okkur í átt að auknu jafnrétti. Aukin vakning hefur verið um jafnréttismál innan ráðuneytisins sem hefur leitt til þess að söfnun gagna hefur batnað frá fyrra ári og áfram verður hvatt til þess að slík gögn séu tekin saman og þau greind markvisst. Í málaflokkunum samgöngur, sveitarstjórnarmál og byggðamál voru tilteknaðar aðgerðir í fjárlögum 2022 sem fjölluðu um jafnréttismál.

### Samgöngur

- Á árinu kom út skýrslan [Samgöngur og jafnrétti - stöðugreining](#) þar sem farið er yfir stöðu kvenna í samgöngum sem atvinnugrein auk þess sem birtar eru niðurstöður rannsókna á kynbundnum mun á notkun samgöngukerfisins. Helstu niðurstöður sýna að konur vinna oftast nær heimilinu en karlar, fara fleiri en styttri ferðir á dag og nota hjól mun sjaldnar en karlar.
- Ein af samhæfðum aðgerðum í samgöngu- og byggðamálum var að jafna aðgengi íbúa á landsbyggðinni að nauðsynlegri opinberri þjónustu sem og sameiginlegum menningarstofnunum með tilkomu svokallaðrar [Loftbrúar](#) sem niðurgreiðir ferðir með innanlandsflugi fyrir íbúa með lögheimili á landsbyggðinni, fjarri höfuðborgarsvæðinu. Af kyngreindum upplýsingum eftir fyrstu mánuðina í notkun sést að Loftbrú á þátt í að jafna þann kynbundna mun sem var á aðstöðu kynjanna til að nýta sér innanlandsflug, en umtalsvert fleiri konur hafa notað Loftbrú en karlar.

Fjöldi notenda Loftbrúar á árinu 2021 eftir aldurshóp og kyni



- Áfram var unnið að því að auka hlutdeild kvenna í siglingum og segja má að þar hafi náðst góður árangur þar sem hlutur kvenna í umfjöllunum fjölmiðla sem og sem frummælendur á ráðstefnum hefur aukist verulega. Sýnileiki kvenna í siglingum skapar fyrirmyndir sem vonandi munu fjölga konum í faginu á næstu árum. Nægir þar að nefna að stúlkum í skipstjórnarnámi hefur fjölgað úr 5% í 8% nemenda.

### Byggðamál

- Samhliða endurskoðun byggðaaætlunar hefur verið unnið tilraunaverkefni undir leiðsögn forsætisráðuneytisins þar sem hugað hefur verið sérstaklega að kynja- og jafnréttissjónarmiðum. Í nýrri þingsályktunartillögu að [byggðaaætlun 2022-2036](#) er riðið á vaðið hvað þetta varðar og þar kemur fram að horft verði til jafnréttissjónarmiða við úrlausn þeirra verkefna sem falla undir fimm lykilviðfangsefni byggðaaætlunar.



- Unnið var að undirbúningi verkefnisins [#JÁTAKS](#) þar sem hvatt er til þess að öll framboð til borgar-, bæjar- og sveitarstjórna hugi að fjölbreytni, standi vörð um jafnan rétt allra kynja og stilli upp listum sem spanna vel fjölbreytt lítróf mannlífs. Verkefnið er hluti af byggðaáætlun.

### Sveitarstjórnarmál

- Verkefnisstjórn um aðgerð undir yfirskriftinni Starfsaðstæður kjörinna fulltrúa innan gildandi [stefnu og aðgerðaráætlunar stjórnvalda í málaflokki sveitarfélaga](#) tók til starfa. Markmið verkefnastjórnarinnar er að leggja fram tillögur um bættar starfsaðstæður og kynjajafnrétti meðal kjörinna fulltrúa í íslenskum sveitarstjórnnum á Landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga haustið 2022. Gagnaöflun leiddi í ljós að hvergi er hlutfall kvenna meðal kjörinna fulltrúa í sveitarstjórnnum á Norðurlöndunum hærra en á Íslandi eða 47% samanborið við 30-40% á hinum Norðurlöndunum. Á hinn bóginn er hlutfall nýliðunar meðal íslenskra kvenna í sveitarstjórnnum óvenjuhátt eða 68% til samanburðar við 40-60% á hinum Norðurlöndunum. Þá hafa rannsóknir sýnt að íslenskar konur í sveitarstjórnnum eiga mun frekar á hættu en íslenskir karlar að verða fyrir kynferðislegri og kynbundinni áreitni í tengslum við starf sitt. Kannanir verkefnisstjórnarinnar hafa leitt í ljós að samskiptavandi sé algengastur innan sveitarstjórnanna sjálfra, kynferðisleg áreitni sé oftast af hálfu kjörinna fulltrúa í öðru sveitarfélagi og kynbundin áreitni sé oftast af hálfu almennra borgara. Með hliðsjón af ofangreindu hefur verkefnisstjórnin meðal annars velt upp hugmyndum um árangursríkar leiðir á borð við þróun samskiptasáttmála til að bæta samskipti innan og milli sveitarstjórna ásamt því að móta stuðningsúrræði í tengslum við hvers kyns áreitni í garð kjörinna fulltrúa og bjóða upp á fræðslu til þeirra um hvernig bregðast megj við áreitni á samfélagsmiðlum.





## 5. Yfirlit um ráðstöfun varasjóða, og skuldbindandi styrk- og samstarfssamninga

**Tafla 3.** Yfirlit um ráðstöfun varasjóða.

### Ráðstöfun varasjóða á árinu 2020

11.1 Samgöngur	Fjárhæðir í m.kr
Staða varasjóðs í upphafi árs	200.000
Fjárveiting á fjárlögum 2021	212.100.000
Ráðstafað 2021	-212.300.000
<b>Staða varasjóðs í lok árs</b>	<b>0</b>
<b>11.3 Stjórnsýsla samgönguráðuneytis</b>	
Staða varasjóðs í upphafi árs	20.600.000
Fjárveiting á fjárlögum 2021	0
Ráðstafað 2021	0
<b>Staða varasjóðs í lok árs</b>	<b>20.600.000</b>

Fjárhæðir í milljónum króna

Varasjóðir ráðuneytisins eru tveir. Annars vegar er um að ræða varasjóð málaflokks 11.1 Samgöngur og hins vegar 11.3 Stjórnsýsla innviðaráðuneytis. Fjárveiting á fyrrnefnda liðnum nam 212,1 m.kr. í fjárlögum ársins 2021 og var öllu framlaginu ráðstafað á árinu. Þar af runnu 145 m.kr. til Vegagerðarinnar vegna reksturs Herjólfss og 61,3 m.kr. var ráðstafað á fjárlagaliðinn Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta vegna rannsókna á nýju flugvallarstæði í Hvassahrauni og stækkunar flugstöðvar á Akureyri. Þá voru 6 m.kr. millifærðar til Rannsóknarnefndar samgönguslysa. Engu var ráðstafað á árinu 2020 vegna varasjóðs málaflokks 11.3 Stjórnsýsla innviðaráðuneytis og nam ónotuð fjárheimild um 21 m.kr. í lok ársins.

**Tafla 4.** Yfirlit yfir skuldbindandi styrk- og samstarfssamninga.

Heiti samnings/lýsing á samningi	2021	Gildir til
Áætlunarakstur á höfuðborgarsvæðinu	906	2022
Áætlunarakstur á landsbyggðinni	807	2023
Rekstur Breiðafjarðarferjunnar Baldurs	299	2022
Rekstur Grímseyjarferjunnar Sæfara	148	2021
Rekstur Hríseyjarferjunnar Sævars	132	2021
Rekstur Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfss	659	2021
Samningur um Mjóafjarðarferjuna Anný	36	2021
Flugleið norðursvæði (Norlandair)	128	2021
Flugleiðir Vestfirðir og Höfn	381	2023
Vestmannaeyjabær - Herjólfur III	80	2021
Samningur um Vaktstöð siglinga	300	2025
Samningur við Isavia ohf.	4.371	2023
Samgöngusáttmáli	2.186	2033
Byggðaáætlun, styrktarsamningar v/ aðgerð C.1	120	2024
Byggðaáætlun, styrktarsamningar v/ aðgerð B.8	40	2024
Byggðaáætlun, styrktarsamningar v/ aðgerð A.9	15	2021
Byggðaáætlun, styrktarsamningar v/ aðgerð A.1	43	2021
Byggðaáætlun, styrktarsamningar v/aðgerð A.10	25	2021
Byggðaáætlun, styrktarsamningar v/aðgerð B.7	5	2023
Blábankinn, samfélagsmiðstöð Þingeyri	3	2021
Ljósið, fjarheilbrigðisþjónusta á landsbyggðinni (A.5)	17	2022
Nýsköpunar- og þróunarverkefni fyrir Flateyri	26	2023
Viðaukasamningar við sjö landshlutasamtök v/Covid-19	100	2021
Samningur um uppbyggingu á Seyðisfirði	150	2024
Sóknaráætlun landshluta	493	2024

Fjárhæðir í milljónum króna



## Frávikagreining og yfirlit yfir árslokastöðu ríkisaðila

### Uppsöfnuð frávik frá áætlun ríkisaðila og verkefna í m.kr.



